

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. júní 2020
UST202005-303/H.G.
08.14.01

Efni: Gas- og jarðgerðarstöð Sorpu

Sorpa hefur óskað eftir undanþágu frá kröfu um starfsleyfi til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og hefur ráðuneytið sent beiðnina til Umhverfisstofnunar til umsagnar, sbr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Í umsókn Sorpu er óskað eftir tímabundinni undanþágu til prófunar á búnaði gas- og jarðgerðarstöðvar félagsins í Álfsnesi, þar til vinnsla hefst að fullu samkvæmt útgáfu starfsleyfi þannig að ekki verði tafir á gangsetningu hennar. Beiðnin kemur í framhaldi af því að Sorpu var veitt heimild á afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 2. júní sl. til prófunar á búnaði og tilraunavinnslu í Gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi. Þann 12. júní sl. barst Umhverfisstofnun erindi frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu (sjá fskj. 1) þar sem vakin var athygli stofnunarinnar á þessari heimild sem heilbrigðiseftirlitið veitti ásamt ábendingum um ákvæði um útgáfu starfsleyfis. Jafnframt var bent á að ekki er gert ráð fyrir í lögnum að útgafandi starfsleyfis geti veitt aðrar heimildir fyrir starfsemi en í formi útgáfu starfsleyfis eða framlengingar á útgáfu starfsleyfis meðan endurnýjun á leyfi er til meðferðar. Fram kom að samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna gefi heilbrigðisnefndir út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem fellur undir viðauka IV og V og Umhverfisstofnun út önnur starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem falla undir löginn.

Í erindi ráðuneytisins kemur fram að löginn gildi ekki um rannsóknarstarfsemi, þróunarstarf eða prófanir á nýjum vörum og vinnsluferlum sem falla undir viðauka I og vara skemur en þrjú ár. Ákvæði laganna um prófanir og tilraunir nái sem sagt til starfsemi sem talin er upp í viðauka I með lögnum en ætlun heilbrigðisnefndar sé að gefa út starfsleyfi til endurnýtingar úrgangs á grundvelli IV. viðauka laganna. Telji nefndin hins vegar að starfsemin falli undir viðauka I sé það Umhverfisstofnun sem gefur út starfsleyfi vegna starfsemi sem á undir þann viðauka.

Jafnframt var óskað eftir því að Umhverfisstofnun kanni málið og hvort tilefni væri til að veita Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur leiðbeiningar vegna umræddrar starfsemi í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998. Umhverfisstofnun sendi erindi á heilbrigðiseftirlitið sama dag og óskaði eftir nánari upplýsingum um þá heimild sem Sorpu hefur verið veitt til prófunar á búnaði. Umhverfisstofnun barst þann 16. júní sl. svar frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þar sem fram kemur að í ljósi ábendinga ráðuneytisins og Umhverfisstofnunar var tekin ný ákvörðun á afgreiðslufundi heilbrigðiseftirlitsins þann 16. júní 2020 þar sem

ákvörðunin um að veita Sorpu heimild til prófunar á búnaði og tilraunavinnslu í Gas- og jarðgerðarstöðinni var felld úr gildi. Þá kemur fram að Sorpu hafi verið leiðbeint um að sækja um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi sbr. ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til ráðherra umhverfis- og auðlindamála.

Í þessu sambandi vill Umhverfisstofnun benda á að fundað var um málið í upphafi árs 2019 án niðurstöðu og fóru formleg bréfaskipti á milli Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um hvoru megin starfsleyfisútgáfan ætti heima árið 2019 (sjá fskj. 3-6). Þá óskaði stofnunin þann 22. mars 2019 eftir framsendingu umsóknar um starfsleyfi þar sem stofnunin taldi starfsemina falla undir I. viðauka laganna (fskj. 5). Þann 20. maí 2019 svarar Heilbrigðiseftirlitið rökum Umhverfisstofnunar og telur sig vera lögbæra stjórnvaldið sem ber að gefa út starfsleyfi fyrir starfsemina. Umhverfisstofnun gerði ekki frekari athugasemdir að svo stöddu.

Umhverfisstofnun telur í ljósi nýrra upplýsinga rétt að óska eftir viðbrögðum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins við því hvaða stjórnvald sé lögbært til að annast starfsleyfisútgáfu gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu í Álfsnesi. Stofnunin telur það óskýrt hvort Umhverfisstofnun eða Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur eigi að annast starfsleyfisútgáfuna og telur æskilegt að leita eftir viðbrögðum ráðuneytisins m.a. til að koma í veg fyrir að starfsleyfið yrði úrskurðað ógilt, verði það kært.

Beiðni um umsögn um undanþága frá kröfu um starfsleyfi

Í ljósi óskýrleika telur stofnunin sig ekki geta, að svo stöddu, veitt endanlega umsögn um undanþágu þar sem vafi er uppi um útgefanda starfsleyfis og því ekki er hægt að leggja mat á það hvort starfsleyfisumsóknin sé fullnægjandi þar sem í umsókninni segir að starfsemin sé háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Í þessu samhengi má nefna að samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 550/2018 gilda löggin og reglugerðin ekki um rannsóknastarfsemi, þróunarstarf eða prófanir á nýjum vörum og vinnsluferlum sem falla undir I. viðauka og vara skemur en þrjú ár. Væri því möguleiki fyrir hendi ef ráðuneytið telur að starfsemin heyrir undir I. viðauka að meta upplýsingar og gögn um slíka þætti.

Einnig má benda á ákvæði um ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 um að Umhverfisstofnun veiti starfsleyfi fyrir söfnunar- og móttökustöðvar ef þær eru reknar í nánnum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði, sbr. II. viðauka laga nr. 7/1998 og IX. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Þá bendir stofnunin á að heimild sé í lið III. í gr. 1.2 í starfsleyfi Sorpu í Álfsnesi fyrir móttöku og meðhöndlun úrgangs (sjá fskj. 2) til að gera tilraunir með endurnýtingu flokkaðs úrgangs í samráði við útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila. Tilraunir með endurnýtingu lyktarsterks úrgangs og annars úrgangs sem valdið getur umtalsverðum óþrifnaði, ónæði eða mengun er þó einungis heimilt að gera að fengnu samþykki útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila og að því undangengnu að Umhverfisstofnun hefur leitað umsagna heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis áður en samþykki er veitt.

Starfsleyfisútgáfa fyrir líffræðilega meðhöndlun og meðferð úrgangs í nánum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði hjá Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun barst þann 27. maí sl. (sjá fskj. 7) erindi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þar sem óskað var eftir athugasemdum við drög að starfsleyfisskilyrðum fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu í Álfsnesi. Við rýni Umhverfisstofnunar á drögum af starfsleyfisskilyrðunum telur stofnunin mikilvægt að skýrt liggi fyrir hver eigi að gefa út starfsleyfið áður en starfsleyfistillagan verði auglýst og undanþága veitt.

Í erindi heilbrigðiseftirlits til stofnunarinnar dags. 5. mars 2019 (sjá fskj. 3 og 4) og drögum að starfsleyfisskilyrðum kemur fram að heilbrigðiseftirlitið telji að starfsemin falli undir gr. 8.5 (endurnýting úrgangs) í X. viðauka við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Umhverfisstofnun telur það óskýrt hver eigi að gefa út starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð sem tekur árlega á móti 40.000 tonnum af úrgangi. Í því skyni bendir á að stofnunin gefur út starfsleyfi fyrir líffræðilega meðhöndlun sem fellur undir gr. 5.3.b í I. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018. Þá veitir stofnunin starfsleyfi fyrir söfnunar- og móttökustöðvar ef þær eru reknar í nánum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði, sbr. gr. 8.a. í II. viðauka laga nr. 7/1998 og gr. 8.a. í IX. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Líffræðileg meðhöndlun

Umhverfisstofnun telur starfsemi gas- og jarðgerðar Sorpu geta heyrt undir gr. 5.3.b í I. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (sama gr. 5.3.b er í I. viðauka reglugerðar nr. 550/2018) en þar segir að Umhverfisstofnun veiti starfsleyfi fyrir:

„Endurheimt eða blanda af endurheimt og förgun á hættulausum úrgangi í stöðvum með afkastagetu yfir 75 tonnum á dag sem felur í sér eina eða fleiri eftirfarandi starfsemi og að undanskilinni starfsemi sem fellur undir reglugerð um fráveitur og skólp:

i. líffræðilega meðhöndlun,“

Umhverfisstofnun telur að þetta ákvæði geta átt við um þá starfsemi sem lýst hefur verið í umsókn um starfsleyfi, í kynningum rekstraraðila m.t.t. til magns sem um ræðir og telur að drög Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur af starfsleyfisskilyrðum bera merki þess að starfsemin geti fallið undir I. viðauka laganna og reglugerðarinnar. Þar sem um er að ræða sérstakt ákvæði í viðauka sem er innleiðing á ákvæðum tilskipunar 2010/75/ESB um losun frá iðnaði (Industrial Emissions Directive), þá telur stofnunin það ganga framar hinu almenna ákvæði um endurnýtingu úrgangs í lið 8.5 í X. viðauka við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, einkum þar sem koma fram mörk um afkastagetu á dag í starfseminni.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að gas- og jarðgerðarstöð Sorpu er umfangsmikil starfsemi sem tekur árlega samtals á móti 40.000 tonnum (u.þ.b. 110 tonn á dag) af úrgangi, þ.e. 30.000 tonnum af lífrænum úrgangi frá heimilum og 10.000 tonnum af

fljótandi lífrænum úrgangi frá mótuneytum sem áætlað er að framleiða 12-15.000 tonn af jarðvegsbæti og 3.600 tonn af lífgasi sé umfangsmeiri starfsemi en önnur starfsemi sem fellur undir X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Þá fjallar 8. gr. í X. viðauka um umfangsminni starfsemi svo sem móttökustöðvar og gámastöðvar.

Loks má benda á að í framkvæmdaákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni (BAT) fyrir úrgangsmeðhöndlun (*Commission Implementing Decision (EU) 2018/1147 of 10 August 2018 establishing best available techniques (BAT) conclusions for waste treatment, under Directive 2010/75/EU of the European Parliament and of the Council*), er í þriðja kafla með viðauka ákvörðunarinnar fjallað um líffræðilega meðhöndlun úrgangs. Undirkafla 3.3 fjallar um loftfirrða meðhöndlun (anaerobic treatment) en fyrri hluti vinnslunnar sem fyrirhuguð er í Álfsnesi, metan vinnslu hluti ferilsins, er við loftfirrðar aðstæður. Í undirkafla 3.2 er fjallað um loftaða meðhöndlun en seinni hluti vinnslunnar sem hér um ræðir, jarðgerðar hlutinn, fer fram við loftaðar aðstæður.

Landfræðileg nálægð

Umhverfisstofnun telur að öðru leyti að reglan um landfræðilega nálægð starfseminnar geti átt við, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 en þar segir að Umhverfisstofnun veiti m.a. starfsleyfi fyrir söfnunar- og móttökustöðvar ef þær eru reknar í nánnum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði.

Í gr. 8.a. í IX. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 og gr. 8.a. í II. viðauka laga nr. 7/1998 segir að Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir meðferð úrgangs þar sem tekið er á móti meira en 5.000 tonnum af úrgangi á ári.

Í erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 20. maí 2019 segir að ákvæði 14. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 eigi ekki við í málinu þar sem hætt verður að urða úrgang á svæðinu í lok 2020 (sjá fskj. 6). Umhverfisstofnun bendir í því skyni á að reglan um landfræðilega nálægð starfseminnar við förgunarstað úrgangs, sé enn í gildi þar til förgunarstað hefur verið lokað. Þess ber að geta að urðunarstað telst ekki endalega lokið fyrr en eftirlitsaðili hefur skoðað vettvang og metið upplýsingar rekstraraðila varðandi lokun og Umhverfisstofnun hefur veitt samþykki fyrir lokun, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 55/2003.

Umhverfisstofnun bendir á að starfsleyfi Sorpu í Álfsnesi fyrir urðunarstaðinn fellur úr gildi 31. desember 2020 (sjá fskj. 2). Væri því mögulegt að vinna nýtt starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöðina samhliða starfsleyfisvinnslunni með urðunarstaðinn, ef ákveðið verður að halda áfram með urðunarstaðinn og svo fremur sem urðunarstaðurinn sé í samræmi við gildandi skipulag. Vekja ber þó athygli á því að umsókn hefur ekki borist stofnuninni um nýtt starfsleyfi fyrir meðhöndlun úrgangs í Álfsnesi en stofnunin hefur upplýst aðila um gildistíma starfsleyfisins. Þá hefur Sorpa ekki tilkynnt Umhverfisstofnun formlega um lokun urðunarstaðarins.

Aðrar forsendur undanþágu

Sorpa óskar eftir undanþágu svo ekki verði tafir á gangsetningu stöðvarinnar. Þá telur Umhverfisstofnun bendir á að sjaldgæft er að veitt sé undanþága til að hefja starfsemi og stofnunin telur ekki hafa skapast góð reynsla á því að ný starfsemi fari af stað með undanþágu.

Lokaorð

Eins og að framan hefur verið rakið þá telur Umhverfisstofnun rétt að óska eftir viðbrögðum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins við því hvaða stjórnvald sé lögbært stjórnvald til að annast starfsleyfisútgáfu með gas- og jarðgerðarstöð Sorpu í Álfsnesi. Mikilvægt er að úr því verður skorið hvort Umhverfisstofnun eða Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fari með útgáfu starfsleyfisins og eftirlit með rekstri gas- og jarðgerðarstöðvarinnar áður en að starfsleyfisdrögin verða auglýst og undanþága veitt.



Ólafur A. Jónsson
staðgengill forstjóra

Virðingarfyllst




Elín Björg Ragnarsdóttir
sviðsstjóri

Fylgiskjöl

1. Tölvupóstur frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu dags. 12. júlí 2020.
2. Starfsleyfi Sorpu fyrir meðhöndlun úrgangs í Álfsnesi.
3. Tölvupóstur frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur dags. 5. mars 2019.
4. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur dags. 5. mars 2019.
5. Bréf frá Umhverfisstofnun dags. 22. mars 2019.
6. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur dags. 20. maí 2019.
7. Tölvupóstur frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur dags. 20. maí 2020.

Afrit sent á Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

 FW: UMH20060077 Gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi

Búið til	16.6.2020 11:19:59
Höfundur	Hlín Gísladóttir
Mótttekið dags.	12.6.2020 17:17:07
Tilheyrir	 UST202005-303 - Fyrirspurn - Gas- og jarðgerðarstöð Sorpu - starfsleyfi

Efni

FW: UMH20060077 Gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi

Upplýsingar

Vinnsla

Mótttekið dags.	12.6.2020 17:17:07	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	08.14.01 Meðhöndlun úrgangs - starfsleyfi		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Sigrún Ágústsdóttir (sigruna@Umhverfisstofnun.is)
Til	hlin.gisladottir@umhverfisstofnun.is, sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is

Innihald

Bestu kveðjur, Best regards

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
 Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
 Sími / Phone: +354 591 2000
 Bréfasími / Fax: +354 591 2010
 Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

From: Sigrún Ágústsdóttir
 Sent: föstudagur, 12. júní 2020 15:51
 To: arny.sigurdardottir@reykjavik.is
 Cc: gudjon.ingi.eggertsson@reykjavik.is; rosa.magnusdottir@reykjavik.is
 Subject: FW: UMH20060077 Gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi

Sæl Árný

Ég vísa til samtals núna áðan um gas- og jarðgerðarstöð Sorpu. Neðangreind ábending hefur borist frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu sem hefur beint því til Umhverfisstofnunar að leiðbeina í samræmi við ábendinguna. Ég sendi ykkur Guðjón og Rósa afrit til upplýsinga.

Umhverfisstofnun tekur undir greiningu ráðuneytisins er varðar lagaákvæði um útgáfu starfsleyfis og óskar eftir nánari upplýsingum um þá heimild sem Sorpu hefur verið veitt til prófunar á búnaði.

Kv. Sigrún

Bestu kveðjur, Best regards

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Bréfasími / Fax: +354 591 2010
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

From: Sigurbjörg Sæmundsdóttir <sigurbjorg.saemundsdottir@uar.is>
(<mailto:sigurbjorg.saemundsdottir@uar.is>)>

Sent: föstudagur, 12. júní 2020 15:11

To: Sigrún Ágústsdóttir <sigruna@umhverfisstofnun.is> (<mailto:sigruna@umhverfisstofnun.is>)>

Subject: UMH20060077 Gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi

Sæl

Ráðuneytið vekur athygli Umhverfisstofnunar á því að í frétt sem birtist í Fréttablaðinu í gær er haft eftir framkvæmdastjóra SORPU bs. að fyrirtækið geri ráð fyrir að fá undanþágu til að hefja tilraunavinnslu í gas- og jarðgerðarstöð Sorpu í næstu viku, sjá: <https://frettabladid.overcastcdn.com/documents/200611.pdf> (<https://frettabladid.overcastcdn.com/documents/200611.pdf>)

ð

á

Sorpa fær undanþágu

em
p-
lgu
og
ags
ins
éfi
ífa
vel
ata
ian
að

am
ðu
lar
íeu
rsé
ins
ði.
ða-
em
gu-
að

SORPA í byrjun næstu viku er ráðgert að GAJA, gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. í Álfsnesi, opni með pompi og prakt. Sá hængur er á að tafist hefur að gefa út starfsleyfi stöðvarinnar og hafa tillögur þess efnis ekki einu sinni verið auglýstar.

Að sögn Guðjóns Inga Eggertssonar, fulltrúa hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, er verkefnið á lokametrunum og standa vonir til að auglýsingin fari í loftið á næstunni.

„Í tillögunni verða meðal annars ákvæði um efnamælingar á moltunni. Auglýsingatími er fjórar vikur samanber ákvæði í reglugerð um losun frá iðnaði og mengunarfarnæftirlit,“ segir Guðjón. Samkvæmt Helga Þór Ingasyni, settum framkvæmdastjóra Sorpu bs., fær fyrirtækið undanþágu til þess að hefja tilraunavinnslu í stöðinni. „Hún er í húsi að mér skilst,“ segir Helgi. – bþ

Á vefsíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er að finna upplýsingar um umsókn SORPU bs. um starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi. Hvorki hefur tillaga um starfsleyfi verið auglýst opinberlega né starfsleyfi verið gefið út. Í símtali við deildarstjóra hjá heilbrigðiseftirlitinu um stöðu starfsleyfisumsóknarinnar kom fram að ætlunin er að opna stöðina 16. júní nk. Unnið er að sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi en ekki búið að auglýsa opinberlega tillögu að starfsleyfinu. Drög hafi verið send Umhverfisstofnun til athugasemda. Ætlunin sé að auglýsa tillögu opinberlega nú í lok júní eða í byrjun júlí. Þannig gæti starfsleyfi legið fyrir í ágúst eða september nk. Varðandi opnun stöðvarinnar 16. júní nk. upplýsti heilbrigðiseftirlitið að SORPA bs. hefði sótt um heimild til prófunar á búnaði og tilraunavinnslu stöðvarinnar og hefði sú heimild verið veitt á afgreiðslufundi heilbrigðiseftirlitsins 2. júní sl. Fundinn sátu framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og tveir deildarstjórar. Í fundargerð 1452. afgreiðslufundar segir:

11. *Lagt fram erindi Sorpu bs., Gylfaflöt 5, dags. 18. maí 2020, um heimild til prófunar á búnaði og tilraunavinnslu í Gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi. Samþykkt að heimila Sorpu bs. tímabundna prófun á búnaði gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi. Heimildin gildir frá 15. júní til 30. september 2020. Sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir starfsemi eru í vinnslu hjá Heilbrigðiseftirlitinu. Á meðan á prófun búnaðar stendur skal fylgja ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi. Verði til nýtingarhæfar afurðir á meðan á prófun búnaðar stendur er heimilt að nýta þær í samræmi við fyrirætlanir Sorpu bs. um nýtingu afurða gas- og jarðgerðarstöðvarinnar.*

Í 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarfarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, skuli hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr, sem fjallar um skráningu. Óheimilt er að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út. Ekki er gert ráð fyrir í lögnum að útgefandi starfsleyfis geti veitt aðrar heimildir fyrir starfsemi en í formi útgáfu starfsleyfis eða framlengingar á útgáfu starfsleyfis meðan endurnýjun á leyfi er til meðferðar.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna gefa heilbrigðisnefndir út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem fellur undir viðauka IV og V og Umhverfisstofnun út önnur starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem falla undir lögin.

Lögin gilda ekki um rannsóknarstarfsemi, þróunarstarf eða prófanir á nýjum vörum og vinnsluferlum sem falla undir viðauka I og vara skemur en þrjú ár. Ákvæði laganna um prófanir og tilraunir ná sem sagt til starfsemi sem talin er upp í viðauka I með lögnum en ætlun heilbrigðisnefndar er að gefa út starfsleyfi til endurnýtingar úrgangs á grundvelli IV. viðauka laganna. Telji nefndin hins vegar að starfsemin falli undir viðauka I er það Umhverfisstofnun sem gefur út starfsleyfi vegna starfsemi sem á undir þann viðauka.

Ráðuneytið veður athygli á því að nú þegar er búið að sækja um leyfi fyrir umrædda starfsemi og umsækjandi þar með búinn að taka ákvörðun um framkvæmdina. Þá er tæknin þekkt og til eru sambærilegar verksmiðjur, t.d. í Danmörku. Að mati ráðuneytisins er almennt áriðandi að undirbúningur við upphaf starfsemi sé með þeim hætti að viðhlítandi leyfi séu til staðar og mál fái þann undirbúning og aðkomu almennings og annarra haghafa sem kveðið er á um í lögum. Hafa ber í huga að opinber auglýsing á starfsleyfi veitir almenningi og samtökum m.a. möguleika á að kynna sér skilyrðin og koma að athugasemdum.

Í ljósi þess eftirlits- og samræmingarhlutverks sem Umhverfisstofnun hefur samkvæmt lögum nr. 7/1998 óskar ráðuneytið eftir því að Umhverfisstofnun kanni framangreint mál og hvort tilefni sé til að veita Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur leiðbeiningar vegna umræddrar starfsemi í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998.

Kv. SSæm

Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri / Head of Division

Skrifstofa umhverfis og skipulags / Department of Environment and Spatial Planning
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources
Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8600
www.umhverfisraduneyti.is (<http://www.umhverfisraduneyti.is/>) - Fyrirvari/Disclaimer
(<https://www.stjornarradid.is/um-vefinn/um-abyrgd-a-tolvuposti-email-disclaimer/>)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Viðhengi

image010.jpg (545 B)

image008.jpg (480 B)

image011.jpg (635 B)

image001.jpg (42 KB)

image002.png (3 KB)

image009.jpg (883 B)

STARFSLEYFI

Meðhöndlun úrgangs

SORPA bs.

Lögheimili Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Álfsnesi, 116 Reykjavík
Kt.: 510588-1189

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir SORPU bs., kt. 510588-1189, fyrir meðhöndlun úrgangs í Álfsnesi, Reykjavík. SORPA bs. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Starfsemin skiptist í eftirfarandi þætti:

- I. Heimilt er að urða allt að 120.000 tonn af úrgangi á ári.
Þær tegundir úrgangs sem heimilt er að urða eru eftirfarandi:
 - a. Allur úrgangur sem hefur verið meðhöndlaður og flokkast ekki sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Skal úrgangurinn vera baggaður ef mögulegt er.
 - b. Stöðug, óvirk spilliefni sem fullnægja viðmiðunum um móttöku sem settar eru í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Ekki skal urða stöðug, óvirk spilliefni í reinum eða hólfum sem ætluð eru undir lífrænan úrgang. Skrá skal staðsetningu innan urðunarstaðar þegar urðuð eru stöðug, óvirk spilliefni.
Urðun asbestúrgangs skal vera í samræmi við ákvæði tl. 2.3.3 í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

Úrgang sem inniheldur gifs er óheimilt að urða með lífrænum úrgangi, sbr. tl. 2.2.3 í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

Óheimilt er að urða fljótandi úrgang (þurrefnisinnihald undir 20%), hjólbarða, brotajárn, ökutæki eða spilliefni (nema stöðug og óvirk) á urðunarstaðnum.

Eingöngu má urða aukaafurðir dýra að uppfylltum skilyrðum í a lið í 1. gr. reglugerðar nr. 674/2017 sbr. og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009.¹

- II. Heimilt er að starfrækja hreinsistöð fyrir hauggas. Miðlunartankar fyrir metan teljast hluti af hreinsistöðinni en þeir skulu vera að hámarki um 80 m³ (STP) að heildarrúmmáli.
- III. Heimilt er að gera tilraunir með endurnýtingu flokkaðs úrgangs í samráði við útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila.
Tilraunir með endurnýtingu lyktsterks úrgangs og annars úrgangs sem valdið getur umtalsverðum óþrifnaði, ónæði eða mengun er þó einungis heimilt að gera að fengnu samþykki útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila. Í slíkum tilfellum skal rekstraraðili gera grein fyrir tilgangi, markmiðum, umfangi og aðferðum tilraunastarfseminnar áður en til framkvæmdar hennar kemur. Samþykki skal almennt ekki veitt fyrir tilraunum með lyktsterkan úrgang nema þær fari fram í lokuðu rými svo lágmarka megji mögulega lyktarmengun. Útgefandi starfsleyfis skal leita umsagna heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis áður en hann veitir samþykki sitt.

Útgefandi starfsleyfis eða eftirlitsaðili getur hafnað eða stöðvað tilraunastarfsemi hvenær sem er ef ekki verður staðið við framangreind skilyrði eða ef mengun frá henni er talin óásættanleg. Óheimilt er að gera tilraunir með úrgang sem flokkast sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016. Eftir atvikum geta tilraunir með endurnýtingu verið háðar öðrum leyfum og ákvörðun um mat á umhverfisáhrifum.

- IV. Heimilt er að geyma úrgang sem nýttur er við rekstur urðunarstaðarins eða bíður endurnýtingar, t.d. viðarúrgang, hjólbarða, gler, steypubrot, garðaúrgang, baggað plast og net.
Magni úrgangs sem geymt er á athafnasvæðinu skal haldið í lágmarki og skal það aldrei verða svo mikið að hætta skapist. Magn hvers brennanlegs úrgangsflokks skal ekki vera meira en 8000 m³ hverju sinni. Um hjólbarða og plast gildir þó að ekki skal geyma meira en 5000 m³ hverju sinni og skal hver geymsluhaugur vera að hámarki 4 m hár og 2500 m³.

Óheimilt er að geyma spilliefni.

Brennsla úrgangs á athafnasvæðinu er bönnuð.

Móttaka geislavirks úrgangs er bönnuð.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði X. kafla reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

¹ Sjá nánar í viðauka 2.
Síða 2 af 15

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð og mati á gögnum sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsókna við eftirlit skal byggt á grundvelli eftirlitsáætlana sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018, þar með talið viðmiðunum um möguleg og raunveruleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið, skrá yfir hvernig starfsleyfisskilyrðum er fylgt og þátttöku í vottuðu umhverfisstjórnarkerfi.

Fyrirvaralaust eða annað óvenjubundið eftirlit skal fara fram til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum, þar sem reglum er ekki fylgt, eins fljótt og auðið er og eftir því sem við á, fyrir veitingu, endurskoðun eða uppfærslu leyfis.

Eftir hverja vettvangsheimsókn skal eftirlitsaðili taka saman skýrslu með lýsingu á því sem fram kom og skiptir máli varðandi það hvort starfsemin sé í samræmi við starfsleyfisskilyrðin og niðurstöðum um hvort frekari aðgerðir eru nauðsynlegar. Skýrslan skal gerð aðgengileg á vefsvæði eftirlitsaðila eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. greinar reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur útgefandi hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 18. greinar reglugerðarinnar.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum, búnaði og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila með minnst mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megj út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um að reksturinn hafi verið hafinn á nýjan leik ef hann hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.6 Lokun urðunarstaðar

Um frágang urðunarstaðar, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi urðunarstaðarins lýkur skal fara samkvæmt 23. og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Frágangur skal vera í samræmi við deiliskipulag og leitast skal við að í endanlegri mynd falli svæðið sem best að landslagi. Grein 4.5 í starfsleyfi þessu skal uppfyllt eftir lokun. Áætlun um endanlegan frágang eftir lokun urðunarstaðarins skal liggja fyrir ekki seinna en 31. desember 2019.

1.7 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. grein laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. grein reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.

- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu fánlegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.

Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn. Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.8 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur. Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita hæfilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 2. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003.

Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests er eftirlitsaðila heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir sbr. 3. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003, eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila sbr. 4. mgr. 66. gr. laganna.

Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 6. mgr. 66. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests, að afturkalla starfsleyfi rekstrar eða stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila sbr. 3. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998.

Telji eftirlitsaðili að um alvarlega hættu sé að ræða, og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað sbr. 5. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003.

1.9 Samráðsfundur og opinn kynningarfundur

Árlega skal rekstraraðili boða fulltrúa útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila á samráðsfund. Rekstraraðili skal einnig bjóða fulltrúa heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og fulltrúa heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis að sitja fundinn. Þessir aðilar geta þó boðað oftar til samráðsfundar ef ástæða þykir til. Fyrir fundinn skal rekstraraðili leggja fram yfirlit yfir framgang skilyrða starfsleyfisins eða vísa í gögn sem birt hafa verið opinberlega. Á samráðsfundum verði m.a. rætt um reksturinn, mengunarvarnir, hugsanlegar breytingar á rekstrinum, eftirlitsmælingar og önnur atriði er kunna að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til að ræða.

Þá skal rekstraraðili halda opinn kynningarfund a.m.k. annað hvert ár þar sem hann kynnir árangur sinn við mengunarvarnir og niðurstöður eftirlitsmælinga. Rekstraraðili skal í því sambandi afhenda Umhverfisstofnun niðurstöður eftirlitsmælinga auk annars efnis sem því tengist og stofnunin kann að óska eftir. Niðurstöður eftirlitsmælinga skulu birtar opinberlega fyrir fundinn. Umhverfisstofnun getur ákveðið að boða sjálf til fundarins í stað rekstraraðila. Rekstraraðili skal auglýsa fundinn opinberlega í Reykjavík og Mosfellsbæ.

1.10 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun birtir niðurstöður eftirlits og mælinga ásamt áætlunum og greinargerðum sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.11 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Umhverfi og takmörkun aðgangs

Rekstraraðili skal kappkosta að draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið og skal hann setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.

Gera skal ráðstafanir til að minnka sem mest má verða þau óþægindi og þá hættu sem stafar af urðunarstaðnum vegna elda. Rekstraraðili skal útbúa viðbragðsáætlun við eldi í urðunarreinum og fá hana samþykkt af Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

Úrgangi sem geymdur er skal komið fyrir með hentugu fyrirkomulagi og á skipulegan hátt. Ávallt skal vera hreinn aðskilnaður á milli brennanlegra úrgangsflokka til að lágmarka sambrunahættu, í samræmi við ábendingar og kröfur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, og skal ekki staðsetja úrgangshauga nær húsum en sem nemur 8 metrum.

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Aðgangur að athafnasvæðinu skal vera takmarkaður og svæðið girt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og hindrar ólöglega losun úrgangs. Hlið skulu lokuð nema þegar starfsemi fer fram. Á urðunarstaðnum skal eftirlits- og aðgangskerfi einnig fela í sér aðgerðir sem miða að því að koma upp um og sporna gegn ólöglegri losun á staðnum. Gott viðhald og eftirlit skal vera með girðingu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Verði vart við meindýr eða vargfugl skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila, að teknu tilliti til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

2.2 Mengunarvarnir og nýting orku

Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind, við mengunarvarnir og skal nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal víðtæka umhverfisvernd.

2.3 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi EB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

2.4 Viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess, sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.5 Óeðlilega mikil mengun

Berist á starfstímanum óeðlilega mikil mengun frá starfseminni út í umhverfið sér rekstraraðili um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að breiðast út. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

2.6 Tilkynningaskylda vegna mengunarslysa

Ef bráðamengun verður skal tafarlaust hafa samband við 112.

Verði óhapp eða slys sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða, m.a. skv. viðbragðsáætlun (gr. 2.4), til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu.

Tilkynna skal eftirlitsaðila og viðkomandi heilbrigðisnefnd um tilfelli þar sem bráðamengun hefur orðið eða þar sem hættu er á bráðamengun eða umtalsverðum áhrifum á umhverfið.

2.7 Verkstjórn

Stjórnandi urðunarstaðar skal hafa nægilega tæknilega færni til að stjórna honum og hann skal hafa hlotið faglega og tæknilega menntun og þjálfun. Á hverri vinnuvakt á athafnasvæði skal starfa tilgreindur starfsmaður sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum rekstrarins. Þessi starfsmaður skal kunna skil á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og viðeigandi lögum og reglugerðum, ásamt uppdrætti af urðunarstaðnum, skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Rekstraraðili skal tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðili getur haft samband við utan afgreiðslutíma ef þörf krefur.

2.8 Meðhöndlun hættulegra efna

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2.9 Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Rekstraraðili skal stuðla að endurnotkun og –nýtingu úrgangs eins og kostur er, í samræmi við gildandi svæðisáætlun sveitarstjórnar. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi sem berst í slíka vinnslu, ef kostur er.

2.10 Gjaldtaka fyrir urðun úrgangs

Rekstraraðili urðunarstaðar skal innheimta gjald vegna urðunar úrgangs, sbr. 23. gr. laga nr. 55/2003. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við urðun úrgangsins, þar með talið uppsetningu og rekstri viðkomandi urðunarstaðar. Einnig skal gjaldið að svo miklu leyti sem hægt er standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. 1. mgr. gr. 2.11 í starfsleyfi þessu, og áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunar í 30 ár. Ef rekstraraðili er sveitarfélag eða byggðasamlag skal gjaldið þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til

við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga um meðhöndlun úrgangs, s.s. vegna þróunar nýrrar tækni, rannsókna, fræðslu og kynningarmála.

2.11 Tryggingar

Rekstraraðili skal leggja fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja, þar á meðal um lokunaraðgerðir og eftirlit í kjölfar lokunar urðunarstaðarins, sbr. 59. gr. laga nr. 55/2003. Skal tryggingin gilda í 30 ár eftir að urðunarstaðnum hefur verið lokað.

Rekstraraðili skal jafnframt taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, vegna mögulegs bráðamengunartjóns, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Varnir gegn foki úrgangsefna

Komið skal í veg fyrir fok úrgangsefna frá starfseminni, t.d. með uppsetningu girðinga, skjólbelta og/eða jarðvegsmana.

3.2 Varnir gegn lyktarmengun

Taka skal, eins og kostur er, tillit til nálægrar byggðar með því að taka mið af vindafari hverju sinni við móttöku og urðun.

Fyrir urðun skal úða allan úrgang með lyktareyðandi efnum, þó ekki úrgang sem er birgður með þekjuefni strax við móttöku eða er urðaður í afmörkuðum reit fyrir lyktsterkan úrgang, sbr. 3. mgr. Baggaður úrgangur skal hafa verið úðaður fyrir böggun. Rekstraraðili getur krafið úrgangshafa um skriflega staðfestingu á að það hafi verið gert, sbr. c-lið tl. 1.1.2 í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003. Einnig skal úða allan úrgang með lyktareyðandi efnum og/eða vatni/sjó eftir að honum hefur verið komið fyrir í urðunarrein ef nauðsynlegt er til að draga úr lyktarmengun. Skal tíðni úðunar og verklag miðast við að lyktarmengun sé lágörkuð eins og frekast er unnt.

Úrgang sem telst vera lyktsterkur, t.d. seyru, síu- og ristarúrgang frá skólphreinsun, lýsisúrgang, ölgerðarhrat, sláturúrgang og fiskúrgang, skal urða í afmörkuðum urðunarreit sem sérstaklega er útbúinn til að taka við slíkum úrgangi. Skal yfirborð urðunarreitsins ávallt vera lokað og það þétt eins og kostur er. Móttökuaðstaða skal vera yfirbyggð svo losun fari ekki fram undir berum himni. Úða skal svæði í grennd við móttökuaðstöðu með lyktareyðandi efnum og ilmefnum eftir því sem nauðsynlegt er til að lágmarka lyktarmengun eins og frekast er unnt. Eyða skal lykt í lofti frá urðunarreitnum og móttökuaðstöðu eins og frekast er unnt áður en því er hleypt út, t.d. með vothreinsun í þvottaturni og með lífsíu. Ef óhapp verður og lyktsterkur úrgangur hellist niður við móttöku skal hreinsa hann upp án tafar. Rekstraraðili skal útbúa tímasetta áætlun um frekari ráðstafanir til að draga úr lyktarmengun og skal hún fjalla m.a. um hvenær og hvernig verði dregið úr urðun á lyktsterkum úrgangi.

Komi fram nýjar og betri aðferðir við varnir gegn lyktarmengun er rekstraraðila heimilt að taka þær upp, að fengnu samþykki útgefanda starfsleyfis.

3.3 Verndun jarðvegs og grunn- og yfirborðsvatns

Komið skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn. Urðunarstaðurinn og –reinar skulu þannig hönnuð að yfirborðsvatni sé beint frá þeim, t.d. með opinni fráveitu.

Jarðveg og grunn- og yfirborðsvatn skal ennfremur vernda með eftirfarandi hætti:

- Á botni urðunarstaðarins er heimilt að nýta náttúrulegan berggrunn með lektarstuðul u.þ.b. $1,0 \cdot 10^{-6}$ m/s sem jarðfræðilegan tálma. Skilyrði fyrir þessu er að rekstraraðili tryggji að botn urðunarstaðarins sé ávallt að lágmarki 1,5 m neðan við lægstu mögulegu grunnvatnshæð á viðkomandi svæði. Rekstraraðili skal árlega leggja fram greinargerð til eftirlitsaðila og sýna fram á að þessu skilyrði sé fullnægt. Greinargerðina skal leggja fram eigi síðar en 1. maí ár hvert og skal hún taka til undangengins almanaksárs. Ef framangreint skilyrði er ekki uppfyllt á einhverjum hluta urðunarstaðarins skal rekstraraðili útbúa botn þess hluta sem um ræðir með tilbúnum jarðfræðilegum tálma með lektarstuðul að hámarki $1,0 \cdot 10^{-8}$ m/s og þykkt að lágmarki 1 m. Á botni skal vera hriplag sem er að lágmarki 0,5 m þykkt og skal lektarstuðull þess vera nógu hár til að tryggt sé að sem minnst sigvatn safnist fyrir á botni urðunarstaðarins. Að öðru leyti skal við hönnun fylgja þeim forsendum sem gefnar voru í áhættumati sem fylgdi starfsleyfisumsókn.
- Hliðar urðunarstaðarins skal klæða með viðurkenndum þéttidúk, t.d. bentónít-dúk, sem veitir að lágmarki samsvarandi vörn og jarðfræðilegur tálmi með lektarstuðul $1,0 \cdot 10^{-8}$ m/s og þykkt 1 m. Skal þéttidúkurinn ná frá efstu brún urðunarreina og niður fyrir neðra borð hriplags á botni. Að öðru leyti skal við hönnun fylgja þeim forsendum sem gefnar voru í áhættumati sem fylgdi starfsleyfisumsókn.

Samkvæmt framangreindu er dregið úr kröfum sem settar eru fram í tl. 3.2 og 3.3 í viðauka I við reglugerð nr. 738/2003, enda hefur rekstraraðili lagt fram áhættumat og sýnt fram á að jarðvegi og grunn- og yfirborðsvatni stafi ekki hætta af urðuninni verði framangreindum skilyrðum fylgt, sbr. 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Sýni niðurstöður eftirlitsmælinga að mengun í jarðvegi, grunnvatni eða yfirborðsvatni sé meiri en gert er ráð fyrir mun útgefandi starfsleyfis fara yfir þær kröfur sem koma fram í þessari grein og skoða hvort ástæða sé til að auka þær.

3.4 Sigvatn

Safna skal öllu sigvatni undan urðunarstaðnum. Heimilt er að dæla sigvatni aftur upp á urðunarstaðinn og dreifa því yfir urðaðan úrgang, í þeim tilgangi að örva gasmyndun. Sigvatninu skal eingöngu dreift yfir úrgang sem hefur verið birgður með þekjuefni. Sigvatn sem ekki er dælt aftur upp á urðunarstaðinn skal leiða í gegnum hreinsivirki og til sjávar í Þerneyjarsundi. Í hreinsivirki skal hreinsa sigvatnið með fullnægjandi hætti þannig að það valdi ekki mengun í viðtaka. Að lágmarki skal hreinsa föst efni úr sigvatninu með setþró.

3.5 Hauggas og gashreinsistöð

Starfrækja skal kerfi til að safna hauggasi sem myndast við rotnun lífrænna úrgangsefna. Rekstraraðili skal eftir fremsta megni leitast við að meðhöndla og nýta gasið en brenna það ella, að fengnum viðeigandi leyfum. Söfnun, meðhöndlun og nýting hauggassins skal vera með þeim hætti að umhverfið verði fyrir

sem minnstum skaða eða spjöllum og að sem minnst hætta steðji að heilbrigði manna. Vinnsla á hauggasi til framleiðslu eldsneytis telst vera endurnýting á hauggasinu.

Afgas frá gashreinsistöð skal hreinsa, t.d. með lífsíu, áður en því er hleypt út.

Frárennsli frá gashreinsistöð skal meðhöndla með fullnægjandi hætti. Heimilt er að nýta frárennslisvatnið til hreinsunar á lofti frá móttöku og urðun á lyktsterkum úrgangi, sbr. 3. mgr. gr. 3.2. Frárennslisvatn sem ekki er nýtt með þeim hætti skal leiða til sjávar í Þerneyjarsundi. Ef þörf krefur skal hreinsa vatnið með fullnægjandi hætti þannig að það valdi ekki mengun í viðtaka.

Verði vart við leka hauggass, metans eða afgass frá gashreinsistöð skal bregðast við án tafar, stöðva lekann og gera viðeigandi endurbætur á lögnum, tönkum eða öðrum hlutum stöðvarinnar.

3.6 Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að lágmarka hávaða frá starfseminni og skal uppfylla mörk sem fram koma í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

4. MÓTTAKA OG URÐUN ÚRGANGS

4.1 Móttaka og skráning úrgangs

Móttaka úrgangs til urðunar skal vera í samræmi við viðmiðanir um móttöku úrgangs í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

Við móttöku úrgangs til urðunar skal fara fram sjónrænt mat og krefja má úrgangshafa um gögn til að sannreyna að úrgangurinn uppfylli móttökuskilyrði fyrir þann úrgang sem heimilt er að urða, sbr. gr. 1.2 í starfsleyfi þessu. Úrgangi sem ekki samræmist móttökuskilyrðum staðarins skal hafnað og eftirlitsaðila tilkynnt um slíkt án tafar. Rekstraraðila er heimilt að krefja úrgangshafa um gögn til staðfestingar á því að spilliefni séu ekki meðal þess úrgangs sem hann óskar eftir að verði urðaður.

Skrá skal magn og tegundir úrgangs sem tekið er á móti, í samræmi við flokkun í reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Einnig skal skrá uppruna úrgangsins, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrtæki ef um er að ræða heimilisérgang og ráðstöfun úrgangsins. Gefa skal út kvittun til úrgangshafa fyrir móttöku úrgangs til urðunar.

Nánari leiðbeiningar um viðmiðanir og aðferðir við móttöku úrgangs til urðunar er að finna í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

4.2 Spilliefni

Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti, að undanskildum stöðugum, óvirkum spilliefnum sem heimilt er að urða skv. gr. 1.2. Spilliefnum sem kunna að berast rekstraraðila skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta tækifæri.

4.3 Daglegur frágangur urðunarreina

Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, óiykt, hættu og aðgang meindýra. Skal þekjulagið vera að lágmarki 150 mm að þykkt. Þó er heimilt að víkja frá þessu verklagi og birgja úrganginn sjaldnar ef um er að ræða baggaðan úrgang sem urðaður er í stæðu og skapar ekki lyktarmengun frá urðunarstaðnum. Þessi úrgangur skal þó birgður svo fljótt sem auðið er og skulu varnir gegn lyktarmengun vera í samræmi við 2. mgr. gr. 3.2. Á tímabilinu 1.

maí – 30. september ár hvert skal birgja baggastæðu a.m.k. í lok hvernar vinnuviku. Óheimilt er að nota þekjuefni sem getur sjálft haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt.

Gott skipulag skal vera á urðunarstaðnum og skal halda stærð vinnsluflatar í lágmarki hverju sinni.

Sérstök ákvæði gilda um frágang við urðun á lyktsterkum úrgangi, sbr. 3. mgr. gr. 3.2.

4.4 Varúðarráðstafanir á urðunarstað

Koma skal úrgangi þannig fyrir á urðunarstað að haugurinn og tengd mannvirki verði sem stöðugust, einkum þannig að ekki verði um skrið að ræða. Hafi tilbúnum tálma verið komið fyrir skal gengið úr skugga um að hið jarðfræðilega undirlag sé svo stöðugt, með tilliti til jarðmyndana á urðunarstað, að sig valdi ekki skemmdum á tálmanum.

4.5 Endanlegur frágangur urðunarreina

Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi, eða lagi úr sambærilegu efni, a.m.k. 1 m þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af þeim og sig ofan í úrganginn sé lágmarkað. Óheimilt er að nota efni sem getur haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt.

5. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

5.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

1. Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á mót, sbr. gr. 4.1.
2. Úrgangur sem hafnað er til urðunar, þar með talin magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til viðeigandi móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar, sbr. gr. 4.1.
3. Staðan á urðunarstaðnum; svæði undir úrgangi, aðferðir við urðun, hvenær og hversu lengi er urðað og útreikningar á því urðunarrými sem eftir er á staðnum.
4. Breyting á umfangi urðaða úrgangsins (sig).
5. Mengunaráhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 2.5 og 2.6.
6. Rekstur hreinsimannvirkja.
7. Niðurstöður mælinga á magni og samsetningu sigvatns, grunnvatns og sjávarsets, sbr. gr. 5.2.
8. Niðurstöður mælinga á þrýstingi og samsetningu hauggass, sbr. gr. 5.2.
9. Daglegt magn úrkomu á staðnum.
10. Daglegt hitastig; lágmark, hámark og kl. 12 á hádegi.
11. Dagleg stefna og styrkur ríkjandi vindáttar.
12. Loftraki, daglega kl. 12 á hádegi.
13. Dagleg uppgufun.

Ef upplýsingar um veðurfar liggja fyrir frá nálægri veðurstöð má styðjast við þær.

5.2 Eftirlitsmælingar

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á sigvatni, grunnvatni, sjávarseti og hauggasi skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Tekin skulu sýni af vatni þar sem meðalsamsetning er dæmigerð og skulu mælingar á hauggasi gefa rétta mynd af hverjum hluta urðunarstaðarins.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd sýnatöku og mælinga. Upplýsingar um framkvæmd sýnatöku og mælinga skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Rekstraraðili skal vakta sigvatn, grunnvatn, sjávarset og hauggas samkvæmt eftirfarandi mælingaáætlun:

	Mæli-/sýnatökustaðir	Efnisþættir	Tíðni
Magn sigvatns	Neðan hreinsivirkis	Rennsli	Mánaðarlega (einnig við hverja sýnatöku); fyrir fyrsta dag hvers mánaðar
Samsetning sigvatns	Í mælibrunni neðan hreinsivirkis	Hitastig, leiðni, pH, súrefnisþörf (COD), ammóníum (NH ₄ ⁺)	Tvisvar á ári; fyrir 1. maí og 1. okt.
Samsetning sigvatns	Í mælibrunni neðan hreinsivirkis	Uppleyst lífrænt kolefni (DOC), nítrat (NO ₃ ⁻), köfnunarefni (N _{heild}), fosfat (PO ₄ ⁻³), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), klóríð (Cl ⁻), flúoríð (F ⁻), súlfat (SO ₄ ⁻²), BTEX, fenóltala, blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), járn (Fe), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkell (Ni), baríum (Ba), mólýbden (Mo), antimón (Sb), selen (Se), tin (Sn)	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt.
Staða grunnvatns	Mælibrunnar: ÁN-2, ÁN-4, ÁN-5, ÁN-9, ÁN-10, auk 4ra nýrra brunna	Hæð grunnvatnsborðs	Tvisvar á ári; fyrir 1. maí og 1. okt.
Samsetning grunnvatns	Mælibrunnar: ÁN-4, ÁN-9, ÁN-10, ÁN-12, ÁN-13	Hitastig, leiðni, pH, súrefnisþörf (COD), ammóníum (NH ₄ ⁺), nítrat (NO ₃ ⁻), fosfat (PO ₄ ⁻³), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), blý (Pb), kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg), tin (Sn)	Annað hvert ár; fyrir 1. okt.
Mengunarefni í sjávarseti*	Fínkornótt botnset við útrás sigvatns í vík vestan urðunarstaðarins	Blý (Pb), kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg), kopar (Cu), sink (Zn), króm (Cr), nikkell (Ni), arsen (As), lífræn halógensambönd (AOX)	Fjórða hvert ár; fyrir 1. okt.
Þrýstingur og samsetning hauggass	Borholur/úttak söfnunarkerfis	Þrýstingur, CH ₄ , CO ₂ , O ₂	Mánaðarlega; fyrir 15. dag hvers mánaðar
Samsetning hauggass	Borholur/úttak söfnunarkerfis	H ₂ S, H ₂	Fjórum sinnum á ári; fyrir 1. apríl, 1. júlí, 1. okt. og 31. des.

*Heimilt er að nota mælingar á mengunarefnum í kræklingi í stað mælinga á mengunarefnum í sjávarseti. Koma skal kræklingnum fyrir í búi í vík vestan urðunarstaðarins, við útrás sigvatns, og mæla sömu þætti og í sjávarseti. Til samanburðar skal mæla sömu þætti í kræklingi sem komið er fyrir í Hvalfirði, á stað sem eftirlitsaðili samþykkir.

Varðandi tíðni eftirlitsmælinga er eftirlitsaðila heimilt að breyta tilhöguninni, s.s. ef mat á niðurstöðum úr fyrri mælingum gefur til kynna að óhætt sé að fækka mælingum eða ef fara þarf fram á tíðari mælingar.

5.3 Losunar- og umhverfismörk

Við útrás sigvatns í Þerneyjarsundi mega hvergi vera:

- Set eða útfellingar.
- Þekjur af rotverum (bakteríum eða sveppum).
- Olía eða froða.
- Úrgangur eða aðrir aðskotahlutir.
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

Gæði sjávarsets skal meta út frá umhverfismörkum tilgreindum í fylgiskjali með reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Eftirlitsaðili mun í reglubundnu eftirliti með starfseminni fylgjast með þessum þáttum í samræmi við gildandi verklagsreglur um framkvæmd eftirlits.

Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun um sérhver skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

5.4 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Afrit skal senda heilbrigðisnefnd á starfssvæði rekstraraðila. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um grænt bókhald eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Afrit skal senda heilbrigðisnefnd á starfssvæði rekstraraðila. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um grænt bókhald eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

5.5 Grænt bókhald og útstreymisbókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald, og skila árlega til útgefanda starfsleyfis.

Jafnframt skal rekstraraðili skila til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna, í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 990/2008 um útstreymisbókhald. Heimilt er að samþætta skil á útstreymisbókhaldi og niðurstöðum skráninga skv. gr. 5.4, í samráði við Umhverfisstofnun.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í I. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstur og mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Starfsemin skal flokkuð í gjaldflokk skv. áhættumati eftirlits sbr. 57. gr. rg. 550/2018. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til 23.05.2035. Starfsleyfinu fylgir greinargerð, sjá fylgiskjal.

Með útgáfu þessa starfsleyfis fellur eldra starfsleyfi SORPU í Álfsnesi, útg. 21.08.2014, úr gildi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. um gildistíma falla eftirfarandi ákvæði starfsleyfisins úr gildi 31. desember 2020:

- Gr. 1.2, 1. mgr., 1. liður
- Gr. 1.6
- Gr. 1.9, 2. mgr.
- Gr. 2.1, 3. mgr.
- Gr. 2.1, 5. mgr., 4. másl.
- Gr. 2.4
- Gr. 2.7, 1. mgr., 1. másl.
- Gr. 2.10
- Gr. 2.11
- Gr. 3.2
- Gr. 3.3
- Gr. 3.4
- Gr. 3.5, 1. mgr.
- Gr. 4.1, 1., 2. og 4. mgr.
- Gr. 4.1, 3. mgr., 3. másl.
- Gr. 4.3
- Gr. 4.4
- Gr. 4.5
- Gr. 5.1, 1. mgr., 2.–4. liður og 7.–13. liður, og 2. mgr.
- Gr. 5.2
- Gr. 5.3
- Gr. 5.5
- Viðauki 2

Reykjavík, 28.05. 2019

Umhverfisstofnun



Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri



Sigrún Agústsóttir
sviðsstjóri

VIÐAUKI 1

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi greinum starfsleyfisins eru skiladagar tilgreindir:

- Grein 3.3: Greinargerð um stöðu botns m.v. grunnvatnshæð skal lögð fram eigi síðar en 1. maí ár hvert.
- Grein 5.4: Senda skal eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert.
- Grein 5.4: Senda skal Umhverfisstofnun upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert.
- Grein 5.5: Skila skal grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi eftir því sem viðeigandi reglugerðir kveða á um.

Ef ósamræmi er á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins þá gildir megintextinn.

VIÐAUKI 2

Skilyrði a liðar 1. gr. reglugerðar nr. 674/2017 sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009 um urðun aukaafurða dýra.

Ef um er að ræða efni í 1. flokki annað en efni sem um getur í i. og ii. lið a-liðar 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009, skal því fargað með vinnslu með þrýstisæfingu, varanlegri merkingu efnisins sem kemur úr vinnslunni og urðun á viðurkenndum urðunarstað skv. lið c í 12. gr. reglugerðarinnar. Í lið i., a liðar 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009 eru heilir skrokkar og allir skrokkhlutar, þ.m.t. húð og skinn, dýra sem grunur leikur á að séu sýkt af smitandi svampheilakvilla, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 999/2001, eða dýra sem opinber aðili hefur staðfest að séu sýkt af smitandi svampheilakvilla. Í lið ii., a liðar 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009 eru heilir skrokkar og allir skrokkhlutar, þ.m.t. húð og skinn, dýra sem eru aflífuð í tengslum við ráðstafanir til að útrýma smitandi svampheilakvilla.

Ef um er að ræða efni í 1. flokki, sem um getur í f-lið 8. gr., skal því fargað með urðun á viðurkenndum urðunarstað skv. lið d í 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009. Í f-lið 8. gr. er tiltekin eldhússúrgangur frá flutningatækjum í alþjóðlegri umferð.

Ef um er að ræða efni í 2. flokki skal því fargað á viðurkenndum urðunarstað að lokinni vinnslu með þrýstisæfingu og varanlegri merkingu efnisins sem kemur úr vinnslunni skv. lið c í 13. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009.

Ef um er að ræða efni í 3. flokki skal því fargað á viðurkenndum urðunarstað að undangenginni vinnslu skv. lið c í 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009.

Skv. lið a í 19. gr. í reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009 getur lögbært yfirvald leyft förgun dauðra gæludýra og dýra af hestaætt með urðun. Umhverfisstofnun er lögbært yfirvald varðandi þessa grein.

Fylgiskjal

Greinargerð vegna auqlýsingar og vinnslu starfsleyfistillögu fyrir SORPU bs. og útgáfu starfslefis í framhaldi af auqlýsingu.

1. Almennt

SORPA bs. sótti þann 25. maí 2018 um starfsleyfi meðhöndlunar þ.m.t. urðunar á úrgangi í Álfsnesi. Þann 25. janúar 2019 birti Umhverfisstofnun tilkynningu um umsóknina á vefsíðu stofnunarinnar.

Starfsleyfistillan var auglýst opinberlega á tímabilinu 5. apríl 2019 til 6. maí 2019 og almenningi gefinn kostur á að koma með athugasemdir við tillöguna. Engar athugasemdir bárust. Tilkynning um auglýsinguna var send til Reykjavíkurborgar, Mosfellsbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Seltjarnarnesbæ, Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, fulltrúa Íbúasamtaka Leirvogstungu og SORPU bs.


2. Breyttar forsendur fyrir starfsleyfinu

Umfang starfseminnar skiptist samkvæmt starfsleyfinu í urðun á allt að 120 þúsund tonnum af úrgangi á ári, reksturs á hreinsistöð fyrir hauggas, heimildar til tilrauna með endurnýtingu flokkaðs úrgangs og til geymslu á úrgangi sem nýttur er við reksturinn eða bíður endurnýtingar.

Umhverfisstofnun gaf út starfsleyfi til handa SORPU bs. þann 21. ágúst 2014 en útgáfa þess var kærð til úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála sem felldi hluta þess úr gildi með úrskurði sínum þann 23. febrúar 2017. Fram kom í úrskurðinum að þar sem fram hafi komið í eigendasamkomulagi byggðasamlagsins, er vísað er til í aðalskipulagi Reykjavíkur, að urðun skuli hætt í Álfsnesi innan fjögurra til fimm ára frá undirritun samkomulagsins í október 2013. Því hafi Umhverfisstofnun ekki verið heimilt að veita leyfi til urðunar lengur en til október 2018 og felldi því úrskurðarnefndin úr gildi þau ákvæði starfsleyfisins sem snéru að urðun úrgangs.

3. Undirrituð yfirlýsing eigenda Sorpu bs./viðauki

Eftir úrskurðinn þann hefur yfirlýsing eigenda SORPU bs., sem eru aðilar eigendasamkomulagsins, verið undirrituð þann 1. október 2018 sem viðauki en þar kemur fram að aðilar samkomulagsins staðfesta að túlka beri samkomulagið með þeim hætti að urðun verði hætt í Álfsnesi í seinasta lagi í lok desember 2020. Hið nýja starfsleyfi er efnislega sambærilegt fyrra starfsleyfi, með heimild til urðunar út árið 2020, en helsti munurinn er að útlistaðar eru takmarkanir þær er innleiddar voru með a lið 1. gr. reglugerðar nr. 674/2017 á urðun aukaafurða dýra í nýja starfsleyfinu ásamt því að reglugerðartilvitnanir voru uppfærðar.



716534 - FW: Starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs.

Mál: UST201903-112 - Starfsleyfi - Gas- og jarðgerðarstöð Sorpu (index.html#!/form/?id=96e50cef-0f1a-4be4-9fe8-43e8bf1ec126)

[TÖLVUPÓSTUR \(\)](#)[SKJÖL \(\)](#)

UPPLÝSINGAR

ÁSKRIFENDUR

Bæta við +

Nafn

ÞÁTTTAKENDUR

Frá *

Agnar Bragi Bragason

Til

ust@ust.is

INNIHALD

Stofna mál um þetta erindi frá HER.

Kv., ABB

From: Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is <Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is>

Sent: miðvikudagur, 6. mars 2019 10:19

To: Agnar Bragi Bragason <Agnar.Bragason@umhverfisstofnun.is>

Cc: rosa.magnusdottir@reykjavik.is; berglind.osk.th.thorolfsdottir@reykjavik.is

Subject: Fw: Starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs.

Tilvísun í mál: 2018040036

Sæll Agnar.

Vísa í símtal okkar núna áðan.

Hér að neðan er afrit af bréfi HER til UST vegna starfsleyfis fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu. Bréfið fer í pósthólf í dag.

Set einnig með í viðhengi greinargerð sem fylgdi með umsókn Sorpu til HER um starfsleyfi fyrir stöðina.

Með kveðju,

Guðjón Ingi Eggertsson, heilbrigðisfulltrúi

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Umhverfiseftirlit

Borgartún 12, 105 Reykjavík

s: 411 1111, t-póstur: gudjon.ingi.eggertsson@reykjavik.is (<mailto:gudjon.ingi.eggertsson@reykjavik.is>)
Vista www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit (<http://www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit>)

Reglur um trúnað í tölvupóstsendingum: <http://www.reykjavik.is/trunadur> (<http://www.reykjavik.is/trunadur>).

Bréf

Umhverfisstofnun
B.t. Hildar Vésteinsdóttur sviðsstjóra sviðs friðlýsinga og starfsleyfa.
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2019
2018040036

Efni: Starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs.

Sorpa bs. hefur sótt um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) fyrir gas- og jarðgerðarstöð fyrirtækisins í Álfsnesi. Umsóknin var móttækin í apríl 2018. Eftir útgáfu reglugerðar um losun frá iðnaði og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 komu fram skoðanir hjá starfsmönnum Umhverfisstofnunar (UST) að e.t.v. ætti starfsleyfi heima hjá stofnuninni frekar en Heilbrigðiseftirlitinu. Í janúar 2019 hittust fulltrúar UST og HER á fundi þar sem farið var yfir málið án þess að endanleg niðurstaða lægi fyrir eftir fundinn. Á fundinum kom fram að hjá UST væri m.a. horft til landfræðilegrar nálægðar við urðunarstað Sorpu bs. í Álfsnesi. HER telur að þau rök eigi ekki við í ljósi þess að hætt verður að taka við úrgangi til urðunar í lok næsta árs og tekur þá við lokun urðunarstaðarins, eftirlit og eftirfylgni.

Starfsemi gas- og jarðgerðarstöðvarinnar mun felast í því að forunnin úrgangur er fluttur frá móttökustöð fyrirtækisins í Gufunesi í gas- og jarðgerðarstöðina þar sem hann er endurnýttur og loka afurðir eru molta og metangas. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur skýrt af lýsingu á starfseminni í umsókn fyrirtækisins að starfsemin falli undir lið 8.5 í viðauka X í reglugerð 550/2018, Endurnýting úrgangs. sbr. skilgreiningu á endurnýtingu úrgangs í reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs "Endurnýting (recovery): hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun þ.m.t. endurvinnsla, orkuvinnsla og landmótun."

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mun því vinna drög að starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu í samræmi við ákvæði reglugerð 550/2018 og mun, að óbreyttu, gefa út starfsleyfi fyrir starfsemina að því ferli loknu.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur



Rósa Magnúsdóttir

Guðjón Ingi Eggertsson

[Greinargerð með umsókn.pdf](#) (). (572 KB)



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur



Umhverfisstofnun
B.t. Hildar Vésteinsdóttur sviðsstjóra sviðs friðlýsinga og starfsleyfa.
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2019
Tilvísun: 2018040036/25.26


Efni: Starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs.


Sorpu bs. hefur sótt um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) fyrir gas- og jarðgerðarstöð fyrirtækisins í Álfsnesi. Umsóknin var móttækin í apríl 2018. Eftir útgáfu reglugerðar um losun frá iðnaði og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 komu fram skoðanir hjá starfsmönnum Umhverfisstofnunar (UST) að e.t.v. ætti starfsleyfi heima hjá stofnuninni frekar en Heilbrigðiseftirlitinu. Í janúar 2019 hittust fulltrúar UST og HER á fundi þar sem farið var yfir málið án þess að endanleg niðurstaða lægi fyrir eftir fundinn. Á fundinum kom fram að hjá UST væri m.a. horft til landfræðilegrar nálægðar við urðunarstað Sorpu bs. í Álfsnesi. HER telur að þau rök eigi ekki við í ljósi þess að hætt verður að taka við úrgangi til urðunar í lok næsta árs og tekur þá við lokun urðunarstaðarins, eftirlit og eftirfylgni.

Starfsemi gas- og jarðgerðarstöðvarinnar mun felast í því að forunnin úrgangur er fluttur frá móttökustöð fyrirtækisins í Gufunesi í gas- og jarðgerðarstöðina þar sem hann er endurnýttur og loka afurðir eru molta og metangas. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur skýrt af lýsingu á starfseminni í umsókn fyrirtækisins að starfsemin falli undir lið 8.5 í viðauka X í reglugerð 550/2018, Endurnýting úrgangs. sbr. skilgreiningu á endurnýtingu úrgangs í reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs "Endurnýting (recovery): hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun þ.m.t. endurvinnsla, orkuvinnsla og landmótun."

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mun því vinna drög að starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu í samræmi við ákvæði reglugerð 550/2018 og mun, að óbreyttu, gefa út starfsleyfi fyrir starfseminna að því ferli loknu.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Rósa Magnúsdóttir
Deildarstjóri umhverfiseftirlits


Guðjón Ingi Eggertsson
Heilbrigðisfulltrúi

Afrit sent:
Eiður Guðmundsson, verðandi stjórnandi gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu.



Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík 22. mars 2019
UST201903-112/A.B.B.
08.14.01

Starfsleyfisútgáfa fyrir gas- og jarðgerðarstöð SORPU bs.

Vísað er til erindis heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til Umhverfisstofnunar dags. 5. mars sl. (tilv.: 2018040036) þar sem kemur fram að SORPA bs. hafi sótt um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar fyrir gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi.

Umhverfisstofnun hefur lýst þeirri afstöðu sinni að útgáfa starfsleyfis fyrir framkvæmdinni sé hjá stofnuninni. Heilbrigðiseftirlitið hefur talið að útgáfa starfsleyfisins sé hjá heilbrigðisnefnd. Fundað var um málið í upphafi árs án niðurstöðu en mikilvægt er að stofnanirnar fái botn í málið sem fyrst þannig að hægt sé að hefja vinnslu starfsleyfis fyrir rekstraraðila.

Í erindi heilbrigðiseftirlits til stofnunarinnar dags. 5. mars sl. kemur fram að heilbrigðiseftirlitið telji að starfsemin falli undir lið 8.5 (endurnýting úrgangs) í viðauka X við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig telur heilbrigðiseftirlitið að ákvæði 14. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 eigi ekki við í málinu þar sem hætt verður að urða úrgang á svæðinu í lok næsta árs. Ákvæði 14. gr. mælir fyrir um starfsleyfisútgáfu Umhverfisstofnunar þegar um er að ræða landfræðilega nálægð móttökustöðva og annarrar meðhöndlunar úrgangs við förgunarstaði úrgangs, en Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir förgunarstaði. Þá kemur fram að í lok erindis að heilbrigðiseftirlitið muni vinna drög að starfsleyfi og muni heilbrigðisnefnd að óbreyttu gefa út starfsleyfi að því ferli loknu.

Umhverfisstofnun áréttar afstöðu sína um að starfsleyfisútgáfa fyrir viðkomandi framkvæmd eigi að vera hjá stofnuninni. Það byggir ekki eingöngu á reglunni um landfræðilega nálægð starfseminnar við förgunarstað úrgangs, sem er enn í gildi þar til förgunarstað hefur verið lokað, heldur sér í lagi á gr. 5.3.b í viðauka I með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (sama gr. 5.3.b er í I. viðauka rg. nr. 550/2018) en þar segir að Umhverfisstofnun veiti starfsleyfi fyrir:

„Endurheimt eða blanda af endurheimt og förgun á hættulausum úrgangi í stöðvum með afkastagetu yfir 75 tonnum á dag sem felur í sér eina eða fleiri eftirfarandi starfsemi og að undanskilinni starfsemi sem fellur undir reglugerð um fráveitur og skólp:

i. líffræðilega meðhöndlun,“


Umhverfisstofnun telur að þetta ákvæði eigi við um þá starfsemi sem lýst hefur verið í umsókn um starfsleyfi og í kynningum rekstraraðila m.t.t. til magns sem um ræðir. Þar sem um er að ræða sérstakt ákvæði í viðauka sem er innleiðing á ákvæðum tilskipunar (ESB) 2010/75 um losun frá iðnaði (Industrial Emissions Directive) en tilskipunin hefur nýlega verið innleidd í íslenskan rétt, þá telur stofnunin það ganga framár hinu almenna ákvæði um endurnýtingu úrgangs í lið 8.5 í viðauka X við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, einkum þar sem koma fram mörk um afkastagetu á dag í starfseminni.

Í framkvæmdaákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni (BAT) fyrir úrgangsmeðhöndlun (*Commission Implementing Decision (EU) 2018/1147 of 10 August 2018 establishing best available techniques (BAT) conclusions for waste treatment, under Directive 2010/75/EU of the European Parliament and of the Council*), er í þriðja kafla með viðauka ákvörðunarinnar fjallað um líffræðilega meðhöndlun úrgangs. Undirkafla 3.3 fjallar um loftfirrða meðhöndlun en fyrri hluti vinnslunnar sem fyrirhuguð er í Álfnesi, metan vinnslu hluti ferilsins, er við loftfirrðar aðstæður. Í undirkafla 3.2 er fjallað um loftaða meðhöndlun en seinni hluti vinnslunnar sem hér um ræðir, jarðgerðar hlutinn, fer fram við loftaðar aðstæður.

Umhverfisstofnun fer því fram á við heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að umsókn SORPU bs. um starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð verði áframsend til Umhverfisstofnunar til meðferðar.

Virðingarfyllt


Hildur Vésteinsdóttir
sviðsstjóri



Agnar Bragi Bragason
teymisstjóri

Afrit: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið



Umhverfisstofnun
B.t. Agnars Braga Bragasonar teymisstjóra
Suðurlandsbraut 28
108 Reykjavík

Reykjavík, 20. maí 2019
Tilvísun: 2018040036/25.26



Efni: Starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs.

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunar dags. 22. mars 2019 (tilv.: UST201903-112/A.B.B.) sem er svar við erindi heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur varðandi starfsleyfi fyrir fyrirhugaða gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. í Álfsnesi. Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur að svara bréfinu.

Í bréfinu kemur fram að stofnunin telur að ákvæði gr. 14 í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sem mælir fyrir um starfsleyfisútgáfu Umhverfisstofnunar þegar um er að ræða landfræðilega nálægð móttökustöðvar og aðra meðhöndlun úrgangs við förgunarstaði úrgangs, eigi við í þessu tilfalli. HER ítrekar ábendingar um að það eigi ekki við í þessu tilfalli þar sem að ekki er hægt að sjá að nokkur ávinningur sé af landfræðilegri nálægð gas- og jarðgerðarstöðvarinnar við förgunarstaðinn eftir að móttöku úrgangs verður hætt á förgunarstaðnum í Álfsnesi en það verður í lok næsta árs eða innan við ári eftir að áætlað er að gas- og jarðgerðarstöðin taki til starfa.

Í bréfinu kemur einnig fram að UST telur starfsemi gas- og jarðgerðarstöðvarinnar falla undir lið 5.3.b í I. viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (sama og gr. 5.3.b. í I. viðauka við rg. 550/2018) en þar segir að UST veiti starfsleyfi fyrir „*Endurheimt eða blanda af endurheimt og förgun á hættulausum úrgangi í stöðvum með afkastagetu yfir 75 tonnum á dag sem felur í sér eina eða fleiri eftirfarandi starfsemi og að undanskilinni starfsemi sem fellur undir reglugerð um fráveitur og skólp:*

i. *líffræðileg meðhöndlun.*“

Grein 5.3.b. í I. viðauka við bæði lög nr. 7/1998 og rg. 550/2018 byggja á gr. 5.3.b. í framkvæmdaákvörðun framkvæmdastjórnar EB um niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni (BAT) fyrir úrgangsmeðhöndlun nr. 2018/1147 sem er byggð á tilskipun 2010/75 EB losun frá iðnaði. Frumtextinn er svona: *(b) Recovery, or a mix of recovery and disposal, of non-hazardous waste with a capacity exceeding 75 tonnes per day involving one or more of the following activities, and excluding activities covered by Directive 91/271/EEC:*

(i) biological treatment

Hér er áhugavert að í íslensku þýðingunni í rg. 550/2018 er notað orðið endurheimt fyrir enska orðið recovery en ekki hefur fundist skilgreining á orðið endurheimt í íslenskri löggjöf um úrgangsmál eða útgáfu starfsleyfis.

Skilgreining á orðinu „recovery“ er að finna í tilskipun 2008/98 um úrgang og er eftirfarandi: *15. ‘recovery’ means any operation the principal result of which is waste serving a useful purpose by replacing other materials which would otherwise have been used to fulfil a particular function, or waste being prepared to fulfil that function, in the plant or in the wider economy. Annex II sets out a non-exhaustive list of recovery operations;*



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Þessi skilgreining passar við skilgreiningu á endurnýtingu, eins og hún er sett fram í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs: [*Endurnýting: aðgerð þar sem aðalútkoman er sú að úrgangur verður til gagns þar eð hann kemur í stað annars efniviðar sem hefði annars verið notaður í tilteknum tilgangi, eða hann er útbúinn til þeirrar notkunar, í stöðinni eða úti í hagkerfinu.*] HER telur ótvírætt að starfsemin falli undir endurnýtingu. Ef UST fellst ekki á túlkun HER er þess óskað að UST skýri hvað felst í orðinu endurheimt.

HER bendir ennfremur á að varla sé hægt að líta á förgun úrgangs sem hluta af starfsemi gas- og jarðgerðarstöðvarinnar. Úrgangurinn kemur forunninn og búið að fjarlægja úr honum megnið af því sem farga þarf. Hins vegar er úrgangi ekki fargað í gas- og jarðgerðarstöðinni, það sem fellur til við hörpun á moltunni og þarf að farga verður flutt á förgunarstað með starfsleyfi til slíks.

Starfsmenn Sorpu hafa leitað til HER vegna útgáfu á rekstrarleyfi fyrir vinnslu og nýtingar dýraleyfa skv. EB númer 1069/2009 og 142/2009. Samkvæmt upplýsingum frá Sorpu hafa starfsmenn MAST vakið athygli á því í samskiptum Sorpu og MAST að samkvæmt gr. 3. í reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar aukaafurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, gegnir viðkomandi heilbrigðisnefnd hlutverki lögbærs yfirvalds skv. g-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2019:

„Article 24 Approval of establishments or plants

1. Operators shall ensure that establishments or plants under their control are approved by the competent authority, where such establishments or plants carry out one or more of the following activities:

(g) transformation of animal by-products and/or derived products into biogas or compost;“


Samkvæmt þessu þarf starfsstöð samþykki eða leyfi lögbærs yfirvalds þegar starfsemin felst í umbreytingu á aukaafurðum dýra og/eða afleiddra afurða í lífgas (metan?) eða moltu.


Lögbært yfirvald í þessu tilviki er viðkomandi heilbrigðisnefnd sbr. rg. 674/2017. Samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er eina leyfisgjöf á vegum heilbrigðisnefndar starfsleyfi. Ef UST telur að ekki sé átt við starfsleyfi í þessu samhengi óskar HER eftir leiðbeiningum frá stofnuninni um hvernig samþykki eða leyfi (*approval*) HER á að gefa út í samræmi við þetta ákvæði.


Í ljósi þess sem að framan hefur verið rakið telur HER ljóst að í umræddri gas- og jarðgerðarstöð muni hvorki fara fram endurheimt né förgun á úrgangi í skilningi laga nr. 7/1998, sbr. líð 5.3.b í I. viðauka og þær tilskipanir ESB sem lögin og viðaukin innleiða. HER telur að starfsemin sé endurnýting á úrgangi sbr. líð 8.5 í IV. viðauka við lög nr. /1998 og af því leiðir að HER er hið lögbæra stjórnvald sem ber að gefa út starfsleyfi fyrir starfsemina. Þess er vinsamlega óskað að UST staðfesti þennan skilning. Ef UST leggur annan skilning í málið lýsa fulltrúa HER yfir vilja til að fara yfir málið á fundi til að leita lausnar þar sem brýnt er að vinna við starfsleyfið hefjist á næstunni.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Rósa Magnúsdóttir
Deildarstjóri umhverfiseftirlit


Guðjón Ingi Eggertsson
heilbrigðisfulltrúi



817274 - Drög að skilyrðum fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu.

Mál: UST202005-303 - Fyrirspurn - Gas- og jarðgerðarstöð Sorpu - starfsleyfi (index.html#!/form/?id=33459869-6bff-4e82-a6eb-e8ad960fd568)

TÖLVUPÓSTUR ()

SKJÖL ()

UPPLÝSINGAR

ÁSKRIFENDUR

Bæta við +

Nafn

ÞÁTTTAKENDUR

Frá *

Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is

Til

sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is

INNIHALD

Tilvísun í mál: 2018040036

Sæll Sverrir.

Hef verið að reyna að ná í þig í síma en ekki hitt á þig.

Eins og þú veist þá voru áhöld um það hvort starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu ætti heima hjá UST eða HER og varð niðurstaða að HER gæfi út starfsleyfið nú. Um leið var talað um að það yrði eitthvert samráð um skilyrðin og því vil ég senda þér drög að þeim til yfirferðar og athugsemda ef einhverjar eru, áður en þau fara í auglýsingu. Læt greinargerð Sorpu um reksturinn sem fylgdi umsókninni fylgja með.

Vegna boðaðrar breytingar á lögum um meðhöndlun úrgagns sem kveða á um sérsöfnun úrgagns þá kom upp spurning frá UST um hvernig tekið yrði á því í skilyrðum stöðvarinnar en breytingin er jú ekki gengin í gegn. Nú er móttaka á úrgangi frá söfnun við heimahús, þar á meðal sérsöfnun ef af verður í móttökustöðinni í Gufunesi og verður forunninn/flokkaður þar og þaðan fer úrgangurinn í gas- og jarðgerðarstöðina. Ég held að ákvæði um sérsöfnun eigi því frekar heima í skilyrðum fyrir móttökustöðina í Gufunesi og að í tilfelli gas- og jarðgerðarstöðvarinnar nægi að segja að söfnun eigi að vera í samræmi við lög og reglugerðir. Ef þið hafið aðrar þælingar í því þá væri gott að fá þær. Eins ef þú hefur spurningar þá endilega hafðu samband (S: 411 8871).

Með kveðju,
Guðjón Ingi Eggertsson, heilbrigðisfulltrúi
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Umhverfiseftirlit

Borgartún 12, 105 Reykjavík

s: 411 1111, t-póstur: gudjon.ingi.eggertsson@reykjavik.is

www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit (<http://www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit>)

Vista

Vista og loka

Loka

Reglur um trúnað í tölvupóstsendingum: <http://www.reykjavik.is/trunadur> (<http://www.reykjavik.is/trunadur>)

DRÖG-Starfsleyfi_gas- og jarðgerðarstöð Sorpu 2... (196 KB)

SORPA bs. Geinargerð með starfsleyfisumsókn.pd... (1353 KB)

||



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
b.t. Sigurbjargar Sæmundsdóttur,
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. júní 2020

Efni: Gas- og jarðgerðarstöð Sorpu - greinargerð Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur v. bréfs Umhverfisstofnunar til umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

Vísað er til beiðni Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) dags. 26. júní 2020 varðandi ósk um að fá bréf Umhverfisstofnunar (UST) til umhverfis- og auðlindaráðuneytis (UAR) dags. 24. júní 2020 til umsagnar. Tölvupóstur barst sama dag frá UAR með beiðni þar um og gefinn frestur til 3. júní nk. að svara.

Bréf UST dags. 24. júní 2020 varðar annars vegar þá afstöðu UST að óskýrt sé hvar starfsleyfisútgáfa fyrir Gas- og jarðgerðarstöð Sorpu (GAJA) skuli liggja og hins vegar að UST geti ekki gefið umsögn um umsókn Sorpu bs. um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til að geta prófað búnað GAJA.

Forsaga máls:

9. mars 2018 barst HER berst umsókn Sorpu bs. ásamt fylgigögnum um starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð. Í umsókninni var gerð grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi. Í gögnin vantaði útfyllt umsóknareyðublað sem barst 4. apríl s.á. HER tilkynnti Sorpu að vinnsla starfsleyfis hefjist ekki fyrir en árið 2019 þar sem stöðin muni ekki taka til starfa fyrir en um áramót 2019-2020. Einnig kom fram að Sorpa bs. ráðgeri prófanir á búnaði í árslok 2019. HER og Sorpa hafa síðan átt í samskiptum um starfsleyfisskilyrði og Sorpa skilað inn ýtargögnum og uppfærðri greinargerð um starfsemina. Drög að tillögu að starfsleyfisskilyrðum lágu fyrir í lok maí og sendi HER þau til Sorpu og UST og óskaði eftir athugasemdum og ábendingum 26. og 27. maí. Sorpa hefur skilað inn sínum athugasemdum en engin viðbrögð hafa borist frá UST.

Í árslok 2018 hafði UST samband við HER og taldi að mögulega ætti UST að vera starfsleyfisveitandi fyrir Gas- og Jarðgerðarstöð Sorpu. Fundað var um málið með UST í árslok 2018 og svo ítrekað í ársbyrjun 2019 um starfsleyfið, þar sem efni funda var að ræða hvor aðilinn skyldi vinna starfsleyfistillöguna. Þann 20. maí 2019 sendi HER UST bréf þar sem málið er rakið og í niðurlagi bréfsins tilkynnir HER UST þá skoðun sína að HER væri lögbært stjórnvald til að gefa út starfsleyfið og jafnframt óskað eftir að UST staðfesti þann skilning og lýst vilja til að aðilar hittust og færu yfir málið ef UST hefði annan skilning á því. Þann 11. júní 2019 var síðasti fundur HER og UST um málið og niðurstaða þess fundar var að HER myndi fara í útgáfu starfsleyfis og það væri með vitund og ekki í óþökk UST. Engin frekari viðbrögð UST um málið bárust HER fyrr en afrit af bréfi UST til UAR dags. 24. júní 2020 barst.

Athugasemdir við bréf UST dags. 24. júní 2020:

Í byrjun er fjallað um ósk Sorpu bs. um undanþágu frá starfsleyfi sem HER leiðbeindi fyrirtækinu um að sækja til UAR í kjölfar þess að UAR gerði athugasemdir við að HER hefði



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

veitt Sorpu bs. heimild til tímabundinnar prófunar á búnaði GAJA meðan fullnaðarafgreiðsla starfsleyfistillögu væri kláruð. UAR vill meina í tölvupósti dags. 12. júní 2020 til UST að óþarfi sé að prófa búnaðinn þar sem hann hafi verið prófaður annars staðar auk þess sem að HER hafi ekki heimild til að veita prófunarheimild þar sem lög nr. 7/1998 gera ekki ráð fyrir slíku. HER finnst þessi afstaða UAR sérstök að búnað megi ekki prófa þó að sambærilegur/samskonar búnaður hafi verið prófaður annars staðar. HER tekur einnig fram að engin meaning var að gefa út starfsleyfi til reksturs rannsóknastarfsemi, þróunarstarfs eða prófana á nýjum vörum. Í samhengi við þetta þarf að svara hvort rekstaraðilar almennt megi ekki prófa flókinn tæknibúnað áður en starfsemi hefst t.d. til að geta svarað því að hann virki sem skyldi. Einnig óskar HER eftir svörum við því ef UAR kemst að því að starfsemi GAJA eigi að vera hjá UST skv. viðauka I í reglugerð nr. 55/2018, hvort gr. 2. reglugerðarinnar segi að UST geti heimilað prófanir áður en starfsleyfi væri gefið út.

Í kafla bréfsins þar sem fjallað er um beiðni til Sorpu bs. um undanþágu til starfsleyfis kemur fram sú skoðun UST að óskýrleiki valdi því að stofnunin geti ekki gefið umsögn um beiðnina vegna vafa um hver eigi að gefa út starfsleyfið. Að mati HER eru þessi vinnubrögð UST forkastanleg í ljósi þess sem hér er rakið á undan og niðurstaða var í málinu um hvar starfsleyfið skyldi liggja. Að koma ári seinna með þessi viðbrögð stenst enga skoðun og er vægt sagt íþyngjandi gagnvart Sorpu bs. Í þessu samhengi má líka nefna hvernig UST hefur dregið að svara beiðni HER um að lesa yfir sértæk starfsleyfisskýrði eins og fram kom áður er mjög gagnrýnivert. Hefði UST strax eftir fund í júní 2019 komið fram með þessar skoðanir sínar væri málið allt í öðrum farvegi. Einnig að UST setji sig í forgrunn í málinu núna ári seinna vegna þess hver gefur út starfsleyfi og ekki auk þess að geta ekki gefið umsögn um undanþágubeiðnina er óásættanlegt.

Rökstuðningur HER á hvar starfsleyfisútgáfan skuli liggja:

Starfsemi gas- og jarðgerðarstöðvarinnar mun felast í því að forunnin úrgangur er fluttur frá móttökustöð fyrirtækisins í Gufunesi í gas- og jarðgerðarstöðina þar sem hann er endurnýttur og loka afurðir eru molta og metangas. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur skýrt af lýsingu á starfseminni í umsókn fyrirtækisins að starfsemin falli undir lið 8.5 í viðauka X í reglugerð 550/2018, Endurnýting úrgangs. sbr. skilgreiningu á endurnýtingu úrgangs í reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs "*Endurnýting (recovery): hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun þ.m.t. endurvinnsla, orkuvinnsla og landmótun.*"

Í íslenskri þýðingu á tilskipun 2008/98 um úrgang sem tekin er upp í rg. 550/2018 er notað orðið endurheimt fyrir enska orðið „*recovery*“ en ekki hefur fundist skilgreining á orðinu endurheimt í íslenskri löggjöf um úrgangsmál eða útgáfu starfsleyfis.

Skilgreining á orðinu „*recovery*“ er að finna í tilskipun EB 2008/98 um úrgang og er eftirfarandi: *15. ‘recovery’ means any operation the principal result of which is waste serving a useful purpose by replacing other materials which would otherwise have been used to fulfil a particular function, or waste being prepared to fulfil that function, in the plant or in the wider economy. Annex II sets out a non-exhaustive list of recovery operations;*

Þessi skilgreining passar við skilgreiningu á endurnýtingu, eins og hún er sett fram í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs: [*Endurnýting: aðgerð þar sem aðalútkoman er sú að úrgangur verður til gagns þar eð hann kemur í stað annars efniviðar sem hefði annars verið notaður í tilteknum tilgangi, eða hann er útbúinn til þeirrar notkunar, í stöðinni eða úti í hagkerfinu.*]. HER telur ótvírátt að starfsemin falli undir endurnýtingu.

HER telur að ekki sé hægt að líta á förgun úrgangs sem hluta af starfsemi gas- og jarðgerðarstöðvarinnar. Úrgangurinn kemur forunninn sem hráefni til vinnslu og búið að



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

fjarlægja úr honum megnið af því sem farga þarf. Úrgangi er ekki fargað í gas- og jarðgerðarstöðinni. Í vinnsluferlinu fellur til lítilsháttar úrgangur við hörpun á moltunni, sem verður fluttur á förgunarstað með starfsleyfi til slíks.

Samkvæmt gr. 3. í reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar aukaafurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, gegnir viðkomandi heilbrigðisnefnd hlutverki lögbærs yfirvalds skv. g-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009:

„Article 24 Approval of establishments or plants

1. Operators shall ensure that establishments or plants under their control are approved by the competent authority, where such establishments or plants carry out one or more of the following activities:

(g) transformation of animal by-products and/or derived products into biogas or compost;“

Samkvæmt þessu þarf starfsstöð samþykki eða leyfi lögbærs yfirvalds þegar starfsemin felst í umbreytingu á aukaafurðum dýra og/eða afleiddra afurða í lífgas (metan?) eða moltu.

Lögbært yfirvald í þessu tilviki er viðkomandi heilbrigðisnefnd sbr. rg. 674/2017. Samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er eina leyfisgjöf á vegum heilbrigðisnefndar starfsleyfi. Ef það er túlkun ráðuneytisins að hér sé ekki átt við starfsleyfi óskar HER eftir leiðbeiningum um hvernig samþykki eða leyfi (*approval*) HER á að gefa út í samræmi við þetta ákvæði.

Niðurlag:

Vegna alls þessa leggur HER til að UST gefi umsögn um tímabundnu undanþágubeiðnina og getur fát gefið til kynna annað en að hún ætti að vera jákvæð. HER skilaði inn jákvæðri umsögn um undanþágubeiðni Sorpu þann 16.6.2020. Á meðan getur UAR skoðað þessa síðkomnu fyrirspurn UST um hvar starfsleyfið skuli liggja. Á það skal bent að HER telur það veigaminnsta atriðið í málinu eins og staðan er orðin eftir framkomið bréf UST dags. 24. júní 2020, þó að afstaða HER sé skýr að starfsleyfið eigi að liggja hjá HER.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Rósa Magnúsdóttir

deildarstjóri Umhverfiseftirlits

Meðfylgjandi:

Umsókn um starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. í Álfsnesi dags. 9. mars og 4. apríl 2018, Afrit af samskiptum Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur; tölvupóstur dags.30.01.2019, bréf Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 5. mars 2019, bréf Umhverfisstofnunar dags. 22. mars 2019, bréf Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 20. maí 2019, minnisþing frá fundi UST og HER 11. júní 2019 Afrit af samskiptum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Sorpu bs.;tölvupóstur dags. 9. apríl 2019

Afrit sent:

Sorpa bs Gas- og jarðgerðarstöð, Álfsnesi, b.t. Helgi Þór Ingason, Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík



SORPA Jarð-og gasgerðarstöð - Umsókn um starfsleyfi

Bréf: Bréf

Málsnúmer: 2018040036

Eigandi skjals: Guðjón Ingi Eggertsson

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 05.04.2018

Dagsetning skjals: 09.03.2018

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Axel Valur Birgisson" <axel@mannvit.is>

Notandi: "Axel Valur Birgisson" <axel@mannvit.is>

Dagsetning: 9.3.2018 16:05:48

Til: "Heilbrigðiseftirlit" <heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is>, "Guðjón Ingi Eggertsson"

<Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is>

Efni: SORPA Jarð-og gasgerðarstöð - Umsókn um starfsleyfi

Góðan daginn.

Meðfylgjandi er umsókn um starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð SORPU í Álfsnesi.

Óskað er eftir að umsóknin sé tekin til afgreiðslu, vinsamlegast hafið samband ef frekari upplýsingar vantar.

Bestu kveðjur,

Axel

Axel Valur Birgisson

Fagstjóri - Umhverfismál/Discipline Manager of Environmental Services

Sími / Tel.: +354 422 3051

GSM / Mobile: +354 867 3067

cid:image001.png@01D23B5D.4D8DC660




www.mannvit.is / www.mannvit.com



- image001.png



- 2140093-000-HRP-0001.pdf

 - Viðauki A Greinargerð.pdf  - Viðauki A Skipulagsuppráttur.pdf  - Viðauki B
Tilkynning.pdf

 - Viðauki C Ákvörðun.pdf

 - Viðauki D Eigendasamkomulag.pdf



HEILBRIGÐISEFTIRLIT REYKJAVÍKUR

Borgartún 12-14, 105 Reykjavík - Sími 411 1111

www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit - heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is

Umsókn um starfsleyfi

- Ný starfsemi
 Nýskráning
 Eigendaskipti
 Endurnýjun leyfis
 Flutningur í nýtt húsnæði
 Breytingar á húsnæði
 Breytingar á starfsemi
 Tímabundið leyfi

Nafn fyrirtækis: Gas- og jarðgerðarstöð SORPU

Nafnið á fyrirtækinu eins og það er skráð í símaskrá

Aðsetur: Álfsnes, Reykjavík.

Heimilisfangið þar sem starfsemi er eða verður

Póstnúmer: 116

Póstnúmer aðseturs

Sími: 520 2245

Netfang: sorpa@sorpa.is

Heimasíða: www.sorpa.is

Nafn rekstraraðila: SORPA bs.

Lögaðili eða einstaklingur

Kt.: 510588-1189

Lögheimili rekstraraðila: Gylfaflöt 5

Póstnr.: 112

Póstnúmer lögheimilis

Tegund rekstrar og framleiðslu: Rekstur gas- og jarðgerðarstöðvar. Sjá umsókn og fylgiskjöl send heilbrigðiseftirliti

Reykjavíkur með tölvupósti 9. mars 2018.

sjá einnig bakhlið.

Nafn forsvarsmanns: BJÖRN H. HALDÓRSSON

kt.: 241262-5299

Heimili: KLAUSTURHVAMMUR 36, HFJ.

Sími: 660-2233

Starfsemi hefst: 2018

Áætluð lok starfsemi: Ótilgreind.

Fyrirsvarsmaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð svo og önnur lög og reglur er starfsemin varða.

Fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á húsnæði, framleiðslu og rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Reykjavík 7. apríl 2018
Staður og dagsetning

BJörn Haldórsson
Undirskrift forsvarsmanns

Eigandi fasteignar: SORPA bs

kt.: 510588-1189

Fastanúmer fasteignar: Eklu komið

Skráð einnig rýmisnúmer þar sem starfsemi er efl það eru mörg rýmisnúmer innán fasteignar

Reykjavík 7. apríl 2018
Staður og dagsetning

BJörn Haldórsson
Undirskrift eiganda fasteignar

Samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, njóta kröfur vegna starfsleyfis, eftirlits og kostnaðar af aðgerðum heilbrigðisnefnda, lögveðs í viðkomandi fasteign, sbr. 12., 25. og 27. gr. nefndra laga.

Umsókn móttakin:

6.4.2018

GJA

Afgreiðsla heilbrigðisnefndar:

Númer leyfis:

146

Gjald.fl. 6

Starfsemisflokkur: 51.57.03

Samþykkt húsnæði _____

Innra eftirlit: _____

*Móttaka á úrgangi til endurvinnslu
6.12.05. gasbirgðastöðvar*

Færa viðbótarupplýsingar á baksíðu >

Viðbótarupplýsingar

Mengandi-og hollustuháttastarfsemi: Lýsa nánar starfsemi eftir því sem við á; myndun og losun mengandi efna í umhverfi, flokkun og skilum úrgangs- og spilliefna, losun í fráveitu. Gera grein fyrir mengunarvörnum við fráveitu (olíu- og fitugildrum), skilgreina og lýsa loftræsingu, mótvægisáðgerðum vegna hávaða, öryggismálum o.s.frv. Gera skal grein fyrir innra eftirliti fyrirtækis sjá nánar hér að neðan varðandi matvælastarfsemi og athugið að ofangreind atriði eiga mörg hver einnig við matvælafyrirtæki

Matvælastarfsemi:	
Eðli starfseminnar <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Eingöngu matvælasnertiefni<input type="checkbox"/> Engin meðhöndlun óvarinna matvæla á staðnum<input type="checkbox"/> Forþökkuð matvæli (engin meðhöndlun óvarinna matvæla eða elduð)<input type="checkbox"/> Áhættulítimatvæli (s.s. grænmeti/ávextir) meðhöndluð eða elduð<input type="checkbox"/> Viðkvæm matvæli (s.s. mjólkurvörur, fiskur, kjöt, fuglakjöt) meðhöndluð eða elduð	Búnaðargerðir <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Fritt standandi handlaug með handfrjálsum blöndunartækjum á hverju vinnslusvæði og í afgreiðslu<input type="checkbox"/> Matvælavaskur (fjöldi: __)<input type="checkbox"/> Tækja- og áhaldavaskur<input type="checkbox"/> Borðbúnaðarvaskur<input type="checkbox"/> Eingöngu einnota borðbúnaður<input type="checkbox"/> Margnota borðbúnaður
Búnaður <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Eldunarbúnaður<input type="checkbox"/> Háfur og loftræsting frá honum (vélræn)<input type="checkbox"/> Kælir (ar)<input type="checkbox"/> Frystir (ar)<input type="checkbox"/> Uppþvottavél<input type="checkbox"/> Annað <p>Gera grein fyrir í fylgiskjali</p>	Starfsmannaaðstaða <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Fataskiptaaðstaða með læsanlegum skápum fyrir yfirhafnir og persónulega muni starfsfólk<input type="checkbox"/> Starfsmannasnyrting<input type="checkbox"/> Kaffistofa með kaffivaski
Ræstiaðstaða <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Lokuð loftræst ræstiaðstaða með ræstilaug<input type="checkbox"/> Sérstök lokuð loftræst ræstiaðstaða með ræstilaug fyrir eldhús	Matvælaöryggiskerfi (Innra eftirlit) <ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> Einfalt innra eftirlit, Fl. 1<input type="checkbox"/> Innra eftirlit, Fl. 2<input type="checkbox"/> Innra eftirlit með HACCP, Fl. 3



GAS- OG JARÐGERÐARSTÖÐ SORPU Í ÁLFSNESI - UMSÓKN UM STARFSLEYFI

9. MARS 2018

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Gögn vegna umsóknar um starfsleyfi	1
2.1 Lýsing á starfsemi	1
2.2 Fyrirhugaðar framkvæmdir	2
2.3 Deiliskipulag.....	6
2.4 Lýsing á staðháttum á vinnslustað	6
2.5 Hráefni sem eru notuð eða framleidd	6
2.6 Losun í andrúmsloft, vatn eða jarðveg	6
2.7 Lýsing á mengunarvörnum	7
2.8 Aðgerðir sem vakta losun út í umhverfið	7
2.9 Innra eftirlit vegna losunar	8
2.10 Ráðstafanir til að koma í veg fyrir úrgangsmyndun.....	8
2.11 Tegund og magn úrgangs	8
2.12 Lýsing á öðrum ráðstöfunum.....	8
2.13 Ákvörðun Skipulagsstofnunar.....	9
2.14 Önnur leyfi sem framkvæmdin er háð.....	9
2.15 Aðrar upplýsingar og gögn.....	10

1. Inngangur

SORPA ráðgerir að reisa og reka gas- og jarðgerðarstöð í Álfnesi. Í stöðinni verður úrgangur sem safnað er frá heimilum á samlagssvæði SORPU unninn, eftir formeðhöndlun í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi. Lífrænu efnin verða nýtt til gas- og jarðgerðar. Eftir vinnslu verða brennanleg efni, málmar og ólífræn efni flokkuð frá. Fyrirhuguð starfsemi stöðvarinnar er í samræmi við stefnu sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa mótað í sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020.

Árið 2013 lá fyrir ákvörðun Skipulagsstofnunar vegna matsskyldu framkvæmdarinnar á þá leið að fyrirhuguð starfsemi væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum og árið 2015 var deiliskipulag svæðisins undirritað. Við málsmeðferð framkvæmdarinnar kom fram að um væri að ræða starfsemi sem er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 7. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Sótt er um starfsleyfi á grundvelli framangreindra laga og reglugerðar fyrir gas- og jarðgerðarstöðina eins og henni er lýst hér á eftir.

Þau atriði sem nefnt eru í 10. gr. reglugerðar nr. 785/1999 þurfa að fylgja með starfsleyfisumsókn eru eftirfarandi :

1. lýsing á tegund atvinnurekstrar, umfangi hans og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á og uppdættir af staðsetningu,
2. afrit af staðfestu deiliskipulagi,
3. lýsing á staðháttum við vinnslustað,
4. upptalning á hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem er notuð eða framleidd,
5. lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg, og greinargerð um áhrif losunar á umhverfið,
6. lýsing á þeim mengunarvörnum sem valdar eru til að hindra eða draga úr losun,
7. lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun út í umhverfið,
8. lýsing á tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið,
9. lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs ásamt upplýsingum og lýsingu á ráðstöfunum um endurnýtingu úrgangs, ef þörf er á,
10. lýsing á tegund og magni úrgangs, þ.m.t. spilliefna,
11. lýsing á öðrum ráðstöfunum sem gerðar verða, m.a. í samræmi við almenn skilyrði í 14. gr.

Hér á eftir er gerð grein fyrir hverju atriði fyrir sig.

2. Gögn vegna umsóknar um starfsleyfi

2.1 Lýsing á starfsemi

Í gas- og jarðgerðarstöðinni er fyrirhugað að meðhöndla lífrænan úrgang með svokölluðu Aikan ferli. Um er að ræða lotuferli sem meðhöndlar lífrænan úrgang til framleiðslu á hauggasi og jarðvegsbæti. Ferlið er útfært þannig að vatnsrof, gasgerð og jarðgerð eru aðskilin.

Móttaka úrgangs

Tekið verður við formeðhöndluðum heimilisúrgangi frá Gufunesi í móttökubyggingu gas- og jarðgerðarstöðvar. Þar verður úrganginum blandað saman við stoðefni, sem að mestu leyti verður timburkurl úr garðaúrgangi og úrgangstimbri. Tilgangur stoðefnis er fjórþættur: Í fyrsta lagi er stoðefni notað til að skapa greiða leið fyrir meltuvökvanum í gegnum úrgangsbönduna á meðan á vatnsrofi stendur. Í öðru lagi mun stoðefnið hjálpa til við að stýra rakainnihaldi úrgangsböndunnar í jarðgerðarferlinu. Í þriðja lagi er stoðefni notað til að skapa greiða leið lofts í gegnum úrgangsbönduna í jarðgerðarferlinu og í fjórða og síðasta lagi leggur viðurinn í stoðefninu til kolefni í efnahvörf sem verða við jarðgerðarferlið.

Gasgerðarferlið

Áður en ferlið hefst er blanda lífræns úrgangs og stoðefna flutt með vélskóflum úr móttöku og komið fyrir í til þess gerðri kró og henni lokað vandlega. Síðan hefst ferlið með eftirfarandi þrepum:

1. Vatnsrof. Meltuvökva úr gasgerðartanki er úðað yfir úrganginn. Við þetta leysir bakteríublandað vatnið upp og þvær lífræn efni úr úrgangsböndunni, þar með talið fitu, sem rofnar í glýseról og fitusýrur; sterkju, sem rofnar í sykrur; og prótein, sem rofna í amínósýrur. Þvottavökvanum með uppleystu lífrænu efnunum er safnað í rás í botni króarinnar, en fasti hlutinn skilinn eftir. Með þessu er úrgangi skipt í fastan hluta og fljótandi hluta.

2. Metangerjun. Vökvanum, með uppleystu lífrænu efnunum, sem safnað var í botnrásina, er dælt til baka í gasgerðartankinn þar sem loftfirð gerjun á sér stað og metanríkt hauggas myndast. Þessari hringrás er haldið áfram svo lengi sem einhver lífræn efni eru í vökvanum frá krónni, oftast í u.þ.b. 3 vikur.

3. Jarðgerð. Þegar ekki koma lengur lífræn efni frá krónni er rekstri hennar breytt yfir í loftað ferli. Loft er dregið með blásara í gegnum fasta úrganginn sem eftir er í krónni og út. Við þessa loftun fer strax í gang loftuð gerjun eins og við jarðgerð. Við þetta ferli hitnar úrgangurinn upp fyrir 70°C, sem tryggir gerilsneyðingu og uppgufun á öllu umfram vatni. Loftinu, sem dregið er frá krónni, er veitt til lofts í gegnum lífræna síu til að eyða lykt. Ef þörf er á má einnig eyða lykt ennfrekar með klóri, ozoni eða öðrum sambærilegum aðferðum. Jarðgerðarferlið stendur í u.þ.b. 3-4 vikur. Ef þörf krefur er gert ráð fyrir að hægt sé að lengja annað hvort vatnsrofs og metangerjunartímann eða jarðgerðartímann.

Á meðan á þessum þremur þrepum stendur er króin höfð lokað. Enginn flutningur á úrgangi á sér stað og einungis vökva og lofti hringrásað í lokuðum kerfum. Þessi útfærsla tryggir að vatnsrof, metangerjun og jarðgerð eru aðskilin og gerast hratt og örugglega.

4. Þroskun. Þegar forstigi jarðgerðarferlis er lokið í króm er jarðvegsbætirinn fluttur með vélskóflum, innan stöðvar, í þar til gerðar þroskunarkrær. Í þroskunarskróm þroskast jarðvegsbætirinn í 3-4 mánuði. Við þetta ferli gufar vatn úr jarðvegsbætinum og lykt eyðist enn frekar. Að þroskun lokinni er jarðvegsbætirinn sigtaður. Sigtun fer fram innan stöðvar. Stoðefni, plast, steinefni og málmar eru sigtuð frá jarðvegsbætinum og komið í viðeigandi endurvinnslu/endurnýtingar ferli. Jarðvegsbætirinn er geymdur í stöðinni til flutnings.

2.2 Fyrirhugaðar framkvæmdir

Á meðfylgjandi uppdráttum má sjá fyrirhugaðar framkvæmdir. Fyrirhugaðar framkvæmdir taka meðal annars mið af gildandi deiliskipulagi (sjá **Viðauka A**).

Aðkoma að lóð og byggingarreit verður um Víðinesveg (nr. 4540) og síðar um afrein af hugsanlegri Sundabraut.

Lóðin er um um 82.000 m². Gert er ráð fyrir bílastæðum næst aðkomu, austast á lóðinni og er gert ráð fyrir mannvirkjum með grunnflöt 12.800 m².

Hæð bygginga verður allt að sjö metrar, með þeirri undantekningu að einstakir byggingarhlutar mega ná allt að 12 metrum, þó aldrei hærra hlutfall en 25% af heildarbyggingarmagni. Hæð tanka getur verið allt að 18 m. Hæð tanka skal ekki ná yfir 50 m y.s. í landinu, til samræmis við hámarkshæð urðunarsvæðis sem skýlir mannvirkjum fyrir nærliggjandi svæðum.


Mannvirki verða í litum er falla vel að umhverfi sínu og dregið verður úr sýnileika þeirra eins og kostur er á. Mögulegt er að byggður verði grannur strompur eða loftháfur til að tryggja betri loftdreifingu og draga þannig enn frekar úr líkum á lyktarmengun. Að öðru leyti ræðst lögun og útfærsla mannvirkja af þörfum vinnsluferlisins. Hluti mannvirkjana er ætlaður til að vinna vökva (þ.e. tankar) eða föst efni (krær), hluti er fyrir móttöku efnis og hluti er yfirbyggðir gangar. Hluti mannvirkjana er ætlaður fyrir skammtímageymslu á unnum afurðum.

Lítill hluti mannvirkjana (600 m²) er ætlaður fyrir starfsmannaðstöðu, stjórnrymi og rannsóknastofu.

Ofangreindar flatarstærðir eru til viðmiðunar og skulu ekki teljast takmarkandi ef breytt hönnun eða þróun vinnsluferlis gefur tilefni til, enda sé ekki um mikil frávik að ræða. Nýtingarhlutfall lóðarinnar verði að hámarki 0,16.



Yfirlitsmynd fyrirhugaðra framkvæmda.



Afstöðumynd 1:500

Löðarsíðard:
82.194 m²

Uppdráttur af fyrirhuguðum framkvæmdum vegna gas- og jarðgerðarstöðvar SORPU í ALFSNESI.

2.3 Deiliskipulag

Þann 15. maí 2015 tók í gildi deiliskipulag fyrir gas- og jarðgerðarstöðina í Álfnesi. Deiliskipulagið, uppdráttur og greinargerð má finna í **Viðauka A**.

2.4 Lýsing á staðháttum á vinnslustað

Almennt séð þá eru fyrirhugaðar framkvæmdir og starfsemi í Álfnesi, skammt frá núverandi urðunarstað SORPU. Svæðið er að mestu raskað í dag. Álfnesið sjálft er lágland, hæst 63 m y.s. á Háheiði, sem er nyrst á nesinu. Landslag einkennist af lágum melum en í lægðum eru framræst votlendi og tún. Flög og klapparholt eru hér og þar á nesinu. Á sunnanverðu nesinu er fjaran lág og smágrýtt, sums staðar sandfjara. Vestast á nesinu nær klettabelti ofan í fjöru og á norðanverðu nesinu er mest berg. Berggrunnur í Álfnesi er að mestu úr grágrýti sem runnið hefur á hlýskeiði á síðustu skeiðum ísaldar, yfirleitt nefnt Reykjavíkurgrágrýti. Grágrýtið er víða hulið lausum jarðlögum. Árið 2003 voru boraðar þrjár loftborholur til að kanna jarðlög á svæði sem breyting á deiliskipulagi náði til. Staðfest var að berggrunnurinn er grágrýti og engin misgengi eða gangar sáust í því9.

Engir lækir renna á yfirborði lands innan eða í grennd við urðunarsvæðið. Grunnvatnsborð í lægðum stendur hins vegar hátt eins og einkennir mýri. Í loftborholum frá árinu 2003 kom í ljós að berglög á svæðinu eru tiltölulega þétt. Hæð grunnvatns mældist 3-4 m undir yfirborði sem er sú sama og í skurðum í nágrenninu.

2.5 Hráefni sem eru notuð eða framleidd

Það hráefni sem notað er í gas- og jarðgerðarstöðina er fyrst og fremst forunninn blandaður heimilisúrgangur sem berst til stöðvarinnar auk stoðefna. Þau hráefni eða vörur sem eru afurðir stöðvarinnar eru fyrst og fremst lífgas til framleiðslu ökutækjaeldsneytis (metan) og jarðvegsbætir.

Árlega mun stöðin skila árlega um 10–12.000 tonnum af jarðvegsbæti sem nýta má til uppgræðslu lands. Rík áhersla verður einnig lögð á að ákveðin efni séu flokkuð frá heimilis- úrgangi og komið í endurvinnslufarveg í gegnum tunnur við heimili, grenndarstöðvar og endurvinnslustöðvar, s.s. pappír, fatnaður, gler, spilliefni, raftæki, lyf o.fl.

2.6 Losun í andrúmsloft, vatn eða jarðveg

Öll móttaka og meðhöndlun úrgangs verður í lokuðu rými, þar sem lífræn efni eru fjarlægð með þvotti. Að þvottinum loknum er afgangur lífrænu efnanna jarðgerður, en við það hitnar hann og sótthreinsast og lyktarefni eyðast. Á meðan á jarðgerð stendur er loft dregið um fasta efnið og veitt út í gegnum lífrænar síur. Gert er ráð fyrir að hægt sé að eyða lykt enn frekar með frekari lofthreinsun ef þörf krefur. Við þroskun jarðvegsbætis dregur enn úr þeim efnum sem geta valdið lykt og gert er ráð fyrir að einungis verði hefðbundin „moldarlykt“ af þeim jarðvegsbæti sem dreift verður frá stöðinni. Gert er ráð fyrir sérmóttöku fyrir lyktarsterkan úrgang í lokaðri loftræstri móttökubyggingu. Loft frá móttökunni verður hreinsað með tveggja þrepa lykteyðingarferli.

Móttaka fyrir lyktarsterkan úrgang er ekki hluti af þessari framkvæmd. Gert er ráð fyrir að ef þurfa þyki verði byggður strompur eða loftháfur til losunar á lofti frá starfseminni. Tilgangur með slíkum háfi væri að lyfta loftinu upp fyrir veðrahvörf til að auka dreifingu lyktarefna og koma þannig í veg fyrir lyktarmengun í byggð í nágrenni við starfsemina. Framkvæmdir verða dreifingarreikningar á hugsanlegum lyktarefnum og könnun á því í hvað hæð búast megi við veðrahvörfum á fyrirhugaðri lóð í Álfnesi. Byggt á þeim niðurstöðum verður tekin ákvörðun um hvort þörf sé á þeirri mótvægisáðgerð að byggja stromp eða loftháf til losunar á lofti frá starfseminni.

Unnið hefur verið mat á áhrifum gas- og jarðgerðarstöðvarinnar á lyktarmengun frá starfsemi SORPU í Álfnesi. Matið var unnið af ráðgjafafyrirtækinu WSP í Svíþjóð og er skipt í tvo þætti.

- Yfirlit yfir aðferðir til lyktarstýringar frá loftfirrtum meltarastöðvum fyrir úrgang.
- Mat á staðbundnum þáttum tengdum lyktarstýringu byggt á fyrirhugaðri hönnun og verðurskilyrðum.

Það er niðurstaða WSP að stefna SORPU sem lagt er upp með og fyrirhuguð gas- og jarðgerðarstöð muni leiða til verulegrar minnkunar á lykt sem berst frá úrgangi sem meðhöndlaður er í Álfnesi.

Enginn fljótandi úrgangur myndast í gas- og jarðgerðarstöðinni. Meltuvökvi sem er aukaafurð frá gasgerðastöðvum, gufar upp við jarðgerðarferlið þar sem úrgangurinn hitnar mjög mikið. Næringarefni sem annars hefðu verið í meltuvökvanum verða því eftir í jarðvegsbætinum og gerir hann enn næringarríkari en ella. Afrennslisvatni verður safnað úr móttökuhúsi, akstursgöngum og af þroskunarsvæðum. Þetta vatn verður inn í gasgerðarferlið. Afrennslisvatn af plönnum verður leitt um olúskilju.

Gert er ráð fyrir að móttaka fyrir fljótandi- og lyktarsterkan úrgang verði reist síðar á lóðinni.

2.7 Lýsing á mengunarvörnum

Öll móttaka og meðhöndlun úrgangs verður í lokuðu rými, þar sem lífrænu efnin eru fjarlægð með þvotti. Að þvottinum loknum er afgangur lífrænu efnanna jarðgerður, en við það hitnar hann og sótthreinsast og lyktarefni eyðast. Á meðan á jarðgerð stendur er loft dregið um fasta efnið og veitt út í gegnum lífrænar síur. Gert er ráð fyrir að hægt sé að eyða lykt enn frekar með frekari lofthreinsun ef þörf krefur. Við þroskun jarðvegsbætis dregur enn úr þeim efnum sem geta valdið lykt og gert er ráð fyrir að einungis verði hefðbundin „moldarlykt“ af þeim jarðvegsbæti sem dreift verður frá stöðinni. Móttaka á fljótandi- og lyktarsterkum úrgangi verður í lokaðri loftræstri móttökubyggingu þegar þar að kemur. Loft frá móttökunni og viðeigandi jarðgerðargámum verður hreinsað með tveggja þrepa lyktheydingarferli. Loftið verður leitt um lífræna síu og þaðan í frekari lofthreinsun. Móttaka fyrir lyktarsterkan úrgang er huguð til framtíðar og er ekki hluti af þessari framkvæmd.

Gert er ráð fyrir að ef þurfa þyki verði byggður strompur eða loftháfur til losunar á lofti frá starfseminni eins og fram kemur í kafla 2.6.

2.8 Aðgerðir sem vakta losun út í umhverfið

Gert er ráð fyrir að gert verði grænt bókhald og útstreymisbókhald fyrir stöðina þar sem orku- og hráefnanotkun stöðvarinnar er lýst og upplýsingar gefnar um hvernig umhverfismálum er háttað. Með slíku bókhaldi er hægt að fá yfirlit yfir notkun hráefna og helstu umhverfisáhrif og þannig hægt að takmarka óæskileg umhverfisáhrif, tryggja betri nýtingu hráefna, sparnaðar og mögulegra úrbóta vegna starfseminnar.

Hvað varðar vöktun með starfseminni og afurðum hennar verður farið eftir gildandi reglum um sýnatökur og vöktun sem gerð er til starfsemi sem þessarar.

Sækja þarf um rekstrarleyfi til Matvælastofnunar skv. reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Vegna umsóknar um rekstrarleyfi verður gert áhættumat sbr. 29. gr í reglugerð nr. 674/2017 auk upplýsinga um innra eftirlit samkvæmt GÁMES (GÁHMSS).

2.9 Innra eftirlit vegna losunar

Gert er ráð fyrir innra eftirliti eins og því sem tíðkast í sambærilegri starfsemi hér á landi, til að mynda fyrir rekstur urðunarstaðar SORPU í Álfnesi. Í því eftirliti myndi rekstraraðili hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið þannig að eftirlitsaðili hafi fullan aðgang að viðkomandi upplýsingum.

2.10 Ráðstafanir til að koma í veg fyrir úrgangsmyndun

Með tilkomu gas- og jarðgerðarstöðvar mun draga úr urðun lífræns úrgangs í Álfnesi. Það mun leiða til þess að lyktarmengun frá urðunarstaðnum mun minnka og að gasmyndun í haugnum mun fjara út á næstu áratugum. Gert er ráð fyrir að innan við 5% af úrgangi verði brenndur eða urðaður eftir meðhöndlun í stöðinni.

2.11 Tegund og magn úrgangs

Ekki er gert ráð fyrir úrgangi sem slíkum frá stöðinni heldur mun stöðin skila um 10-12.000 tonnum af jarðvegsbæti sem nýta má sem áburð eða til uppgræðslu lands eins og áður hefur komið fram. Þó er gert ráð fyrir að innan við 5% af heimilisérganginum endi í urðun.

2.12 Lýsing á öðrum ráðstöfunum

Gert er ráð fyrir móttökuhúsi fyrir heimilisérgang, móttökusal, vinnslukrær auk starfsmannaaðstöðu og gestastofu.

Áformað er að plön til athafna flutningstækja og vegir innan lóðar verði alls 10.300 m².

Gas- og jarðgerð

Í gas- og jarðgerðarstöðinni er fyrirhugað að meðhöndla lífrænan úrgang með svokölluðu Aikan ferli. Um er að ræða lotuferli sem meðhöndlar lífrænan úrgang til framleiðslu á hauggasi og jarðvegsbæti. Ferlið er útfært þannig að vatnsrof, gasgerð og jarðgerð eru aðskilin.

Gasleiðslur – Tenging við flutningskerfi

Gasi frá gasgerðartönkum, sem gert er ráð fyrir að sé með metaninnihald að meðaltali um 70%, verður veitt inná aðfærslugaslögn sem tengd er við hreinsistöð í Álfnesi.

Efnisþörf/efnistaka

Síðastliðin ár hefur mikið af efni eins og stórgrýti, möl og öðru grjóti borist á urðunarstað SORPU í Álfnesi. Hluti af þessu efni (að mestu úr reinum innan athafnasvæðis SORPU) hefur verið notað til að slétta út og jafna fyrirhugað athafnasvæði fyrir gas- og jarðgerðarstöðina. Einungis þarf því að afla efnis í sökkla og grunna á vegum verktaka en það magn nemur um 6.400 m³ og verður allt fengið frá urðunarsvæðinu SORPU í Álfnesi þar sem efnið verður harpað og malað innan framkvæmdasvæðisins. Öll efnisþörf er því leyst innan núverandi svæðis.

Lóða- og umhverfisfrágangur

Meðan framkvæmdir standa yfir verður þess gætt að raska ekki fornleifum. Svæði umhverfis þekktar fornleifar skal afmarkað og merkt meðan á framkvæmdum stendur. Verði vart við áður óþekktar

fornleifar skal hlé gert á framkvæmdum og fundurinn tilkynntur til Minjastofnunar Íslands í samræmi við 2. mgr. 24. gr. laga nr. 80/2012.

Athafnasvæði verður haldið snyrtilegu og komið verður í veg fyrir fok úrgangsefna frá starfsemi, t.d. með uppsetningu girðinga, skjólbelta og/eða jarðvegsmana.

Landslagsmótun og gróðursetningu trjáa verði beitt markvisst til að draga úr sjónrænum áhrifum af mannvirkjunum og starfsemi. Ræktun verði í samráði við garðyrkjustjóra Reykjavíkurborgar. Í greinargerð með deiliskipulagi eru frekari ákvæði og skilmálar um landnotkun og lóðafrágang (Viðauki A).

2.13 Ákvörðun Skipulagsstofnunar

Ákvörðun Skipulagsstofnunar lá fyrir í febrúar 2014. Niðurstaðan var sú að fyrirhuguð gas- og jarðgerðarstöð SORPU bs. í Álfsnesi, Reykjavík sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Ákvörðun Skipulagsstofnunar má finna í **Viðauka C**. Í **Viðauka B** er að finna tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu sem Skipulagsstofnun byggði ákvörðun sína á.

Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar stendur meðal annars:

„Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu SORPU bs. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð SORPU bs. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hvorki hvað varðar eðli framkvæmdarinnar, staðsetningu, né eiginleika áhrifa, sbr. viðmið 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.“

„Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að SORPA bs. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun áaðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.“

2.14 Önnur leyfi sem framkvæmdin er háð

Meðfylgjandi er yfirlit annarra leyfisveitinga sem framkvæmdin er háð og SORPA hyggst sækja um. Undirbúningur þessarar leyfisveitinga stendur núna yfir og verður sótt um þessi leyfi samhliða eða í kjölfarið á umsókn um framkvæmdarleyfi.

Framkvæmdin er háð eftirfarandi öðrum leyfum:

- Byggingarleyfi sem byggingafulltrúi Reykjavíkurborgar veitir samkvæmt 9. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.
- Starfsleyfi samkvæmt 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 7. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér

mengun. Endurvinnsla úrgangs flokkast sem atvinnustarfsemi sem heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi skv. tl. 8,5 í fylgiskjali 2 með reglugerðinni.

- Rekstrarleyfi Matvælastofnunar skv. reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.
- Leyfi Minjastofnunar Íslands ef raska þarf fornleifum, skv. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

2.15 Aðrar upplýsingar og gögn

Þar sem fyrirhuguð framkvæmd hefur farið í gengum tilkynningarferli hjá Skipulagsstofnun og í gegnum deiliskipulagsferli, liggja fyrir margar ábendingar og aðgerðir um fyrirhugaða verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynntar hafa verið við meðferð málsins. Við endanlega hönnun hefur verið farið eftir þessum gögnum og þeim niðurstöðum sem fyrir liggja um verkefnið á undanförunum árum. Má þar helst nefna deiliskipulag og greinargerð með því (**Viðauki A**), tilkynningu um matsskyldu (**Viðauki B**) og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar (**Viðauki C**). Einnig má sjá í **Viðauka D** eigendasamkomulag sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær, sem öll eru eigendur SORPU bs. undirrituðu um vinnu við mótun framtíðarlausna við meðhöndlum úrgangs byggt á Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020.

Viðauki A

Deiliskipulagsuppráttur og greinargerð.

Viðauki B

Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu framkvæmdar frá desember 2013.

Viðauki C

Ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 20. febrúar 2014.

Viðauki D

Eigendasamkomulag frá árinu 2013.



Til: "Agnar Bragi Bragason" <Agnar.Bragason@umhverfisstofnun.is>
Afrit: rosa.magnusdottir@reykjavik.is, berglind.osk.th.thorolfsdottir@reykjavik.is
Efni: Sorpa gas- og jarðgerðarstöð
Upplýsingar: Sent: 30.01.2019 09:04:10 af Guðjón Ingi Eggertsson, Málsnúmer: 2018040036, Málalyklar: 25.26 Sorpeyðingarstöðvar Sent: 30.01.2019 09:04:10 af Guðjón Ingi Eggertsson, Málsnúmer: 2018040036, Málalyklar: móttökustöðvar sorps - Leyfi og eftirlit

Tilvísun í mál: 2018040036

Sæll Agnar.

Fyrirgefðu hvað ég svara þér seint.

Jú það stóð til að hittast aftur. Það var reyndar Rósa en ekki Árný sem Sigrún hafði rætt þetta við en rétt að hvorug þeirra var á fundinum.

Eins og ég man niðurstöðuna á fundinum ætlaði UST að skoða betur þá liði sem nefndir voru að starfsemi gæti kannski heyrt undir þ.e. lið 5 og þá helst lið 5.3 í viðauka I í 550/2018. M.a. að skoða hvernig starfsemi þetta er/skilgreiningu á starfsemi og hvar hún passar inn í viðaukana og merkingu orða/hugtaka sem a.m.k. ekki öll eru skýrð í skilgreiningum í reglugerðinni s.s. líffræðileg meðhöndlun, eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun og endurheimt

HER ætlaði að fara yfir gögn sem fylgdu umsókn um starfsleyfi m.a. skilgreiningu á starfsemi, ferla í vinnslunni og magntölur.

Með kveðju,
Guðjón Ingi Eggertsson, heilbrigðisfulltrúi
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Umhverfiseftirlit

Borgartún 12, 105 Reykjavík
s: 411 1111, t-póstur: gudjon.ingi.eggertsson@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit

Reglur um trúnað í tölvupóstsendingum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Notandi: "Agnar Bragi Bragason" <Agnar.Bragason@umhverfisstofnun.is>
Dagsetning: 21.1.2019 11:57:34
Til: "Guðjón Ingi Eggertsson" <Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is>
Efni: Sorpa gas- og jarðgerðarstöð

Sæll,

Við höfum verið að skoða starfsleyfissskyldu Sorpu vegna gas- og jarðgerðarstöðvar.

Það var fundur í lok síðasta árs um þetta en hvorki Sigrún eða Árný voru ekki á þeim fundi.

Var það ekki niðurstaðan að reyna að hafa annan fund?

Kv.,

Agnar

[IMAGE]



- image001.png

Umhverfisstofnun
B.t. Hildar Vésteinsdóttur sviðsstjóra sviðs friðlýsinga og starfsleyfa.
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2019
Tilvísun: 2018040036/25.26

Efni: Starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs.

Sorpa bs. hefur sótt um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) fyrir gas- og jarðgerðarstöð fyrirtækisins í Álfsnesi. Umsóknin var móttækin í apríl 2018. Eftir útgáfu reglugerðar um losun frá iðnaði og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 komu fram skoðanir hjá starfsmönnum Umhverfisstofnunar (UST) að e.t.v. ætti starfsleyfi heima hjá stofnuninni frekar en Heilbrigðiseftirlitinu. Í janúar 2019 hittust fulltrúar UST og HER á fundi þar sem farið var yfir málið án þess að endanleg niðurstaða lægi fyrir eftir fundinn. Á fundinum kom fram að hjá UST væri m.a. horft til landfræðilegrar nálægðar við urðunarstað Sorpu bs. í Álfsnesi. HER telur að þau rök eigi ekki við í ljósi þess að hætt verður að taka við úrgangi til urðunar í lok næsta árs og tekur þá við lokun urðunarstaðarins, eftirlit og eftirfylgni.

Starfsemi gas- og jarðgerðarstöðvarinnar mun felast í því að forunnin úrgangur er fluttur frá móttökustöð fyrirtækisins í Gufunesi í gas- og jarðgerðarstöðina þar sem hann er endurnýttur og loka afurðir eru molta og metangas. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur skýrt af lýsingu á starfseminni í umsókn fyrirtækisins að starfsemin falli undir lið 8.5 í viðauka X í reglugerð 550/2018, Endurnýting úrgangs. sbr. skilgreiningu á endurnýtingu úrgangs í reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs "Endurnýting (recovery): hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun þ.m.t. endurvinnsla, orkuvinnsla og landmótun."

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mun því vinna drög að starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu í samræmi við ákvæði reglugerð 550/2018 og mun, að óbreyttu, gefa út starfsleyfi fyrir starfsemina að því ferli loknu.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Rósa Magnúsdóttir
Deildarstjóri umhverfiseftirlits

Guðjón Ingi Eggertsson
Heilbrigðisfulltrúi

Afrit sent:
Eiður Guðmundsson, verðandi stjórnandi gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

SKJALAVER HÖFÐATORGI 28. MAR. 2019 Málsnr.: 2018040036 Bréfalykill: 25.26

Reykjavík 22. mars 2019
UST201903-112/A.B.B.
08.14.01

Starfsleyfisútgáfa fyrir gas- og jarðgerðarstöð SORPU bs.

Vísað er til erindis heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til Umhverfisstofnunar dags. 5. mars sl. (tilv.: 2018040036) þar sem kemur fram að SORPA bs. hafi sótt um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar fyrir gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi.

Umhverfisstofnun hefur lýst þeirri afstöðu sinni að útgáfa starfsleyfis fyrir framkvæmdinni sé hjá stofnuninni. Heilbrigðiseftirlitið hefur talið að útgáfa starfsleyfisins sé hjá heilbrigðisnefnd. Fundað var um málið í upphafi árs án niðurstöðu en mikilvægt er að stofnanirnar fái botn í málið sem fyrst þannig að hægt sé að hefja vinnslu starfsleyfis fyrir rekstraraðila.

Í erindi heilbrigðiseftirlits til stofnunarinnar dags. 5. mars sl. kemur fram að heilbrigðiseftirlitið telji að starfsemin falli undir lið 8.5 (endurnýting úrgangs) í viðauka X við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig telur heilbrigðiseftirlitið að ákvæði 14. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 eigi ekki við í málinu þar sem hætt verður að urða úrgang á svæðinu í lok næsta árs. Ákvæði 14. gr. mælir fyrir um starfsleyfisútgáfu Umhverfisstofnunar þegar um er að ræða landfræðilega nálægð móttökustöðva og annarrar meðhöndlunar úrgangs við förgunarstaði úrgangs, en Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir förgunarstaði. Þá kemur fram að í lok erindis að heilbrigðiseftirlitið muni vinna drög að starfsleyfi og muni heilbrigðisnefnd að óbreyttu gefa út starfsleyfi að því ferli loknu.

Umhverfisstofnun áréttar afstöðu sína um að starfsleyfisútgáfa fyrir viðkomandi framkvæmd eigi að vera hjá stofnuninni. Það byggir ekki eingöngu á reglunni um landfræðilega nálægð starfseminnar við förgunarstað úrgangs, sem er enn í gildi þar til förgunarstað hefur verið lokað, heldur sér í lagi á gr. 5.3.b í viðauka I með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (sama gr. 5.3.b er í I. viðauka rg. nr. 550/2018) en þar segir að Umhverfisstofnun veiti starfsleyfi fyrir:

„Endurheimt eða blanda af endurheimt og förgun á hættulausum úrgangi í stöðvum með afkastagetu yfir 75 tonnum á dag sem felur í sér eina eða fleiri eftirfarandi starfsemi og að undanskilinni starfsemi sem fellur undir reglugerð um fráveitur og skólp:

i. líffræðilega meðhöndlun,“


Umhverfisstofnun telur að þetta ákvæði eigi við um þá starfsemi sem lýst hefur verið í umsókn um starfsleyfi og í kynningum rekstraraðila m.t.t. til magns sem um ræðir. Þar sem um er að ræða sérstakt ákvæði í viðauka sem er innleiðing á ákvæðum tilskipunar (ESB) 2010/75 um losun frá iðnaði (Industrial Emissions Directive) en tilskipunin hefur nýlega verið innleidd í íslenskan rétt, þá telur stofnunin það ganga framar hinu almenna ákvæði um endurnýtingu úrgangs í lið 8.5 í viðauka X við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, einkum þar sem koma fram mörk um afkastagetu á dag í starfseminni.

Í framkvæmdaákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni (BAT) fyrir úrgangsmeðhöndlun (*Commission Implementing Decision (EU) 2018/1147 of 10 August 2018 establishing best available techniques (BAT) conclusions for waste treatment, under Directive 2010/75/EU of the European Parliament and of the Council*), er í þriðja kafla með viðauka ákvörðunarinnar fjallað um líffræðilega meðhöndlun úrgangs. Undirkafla 3.3 fjallar um loftfirrða meðhöndlun en fyrri hluti vinnslunnar sem fyrirhuguð er í Álfsnesi, metan vinnslu hluti ferilsins, er við loftfirrðar aðstæður. Í undirkafla 3.2 er fjallað um loftaða meðhöndlun en seinni hluti vinnslunnar sem hér um ræðir, jarðgerðar hlutinn, fer fram við loftaðar aðstæður.

Umhverfisstofnun fer því fram á við heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að umsókn SORPU bs. um starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð verði áframsend til Umhverfisstofnunar til meðferðar.

Virðingarfyllt


Hildur Vésteinsdóttir
sviðsstjóri


Agnar Bragi Bragason
teymisstjóri

Afrit: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Umhverfisstofnun
B.t. Agnars Braga Bragasonar teymisstjóra
Suðurlandsbraut 28
108 Reykjavík

Reykjavík, 20. maí 2019
Tilvísun: 2018040036/25.26

Efni: Starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs.

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunar dags. 22. mars 2019 (tilv.: UST201903-112/A.B.B.) sem er svar við erindi heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur varðandi starfsleyfi fyrir fyrirhugaða gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. í Álfsnesi. Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur að svara bréfinu.

Í bréfinu kemur fram að stofnunin telur að ákvæði gr. 14 í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sem mælir fyrir um starfsleyfisútgáfu Umhverfisstofnunar þegar um er að ræða landfræðilega nálægð móttökustöðvar og aðra meðhöndlun úrgangs við förgunarstaði úrgangs, eigi við í þessu tilfalli. HER ítrekar ábendingar um að það eigi ekki við í þessu tilfalli þar sem að ekki er hægt að sjá að nokkur ávinningur sé af landfræðilegri nálægð gas- og jarðgerðarstöðvarinnar við förgunarstaðinn eftir að móttöku úrgangs verður hætt á förgunarstaðnum í Álfsnesi en það verður í lok næsta árs eða innan við ári eftir að áætlað er að gas- og jarðgerðarstöðin taki til starfa.

Í bréfinu kemur einnig fram að UST telur starfsemi gas- og jarðgerðarstöðvarinnar falla undir lið 5.3.b í I. viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (sama og gr. 5.3.b. í I. viðauka við rg. 550/2018) en þar segir að UST veiti starfsleyfi fyrir „*Endurheimt eða blanda af endurheimt og förgun á hættulausum úrgangi í stöðvum með afkastagetu yfir 75 tonnum á dag sem felur í sér eina eða fleiri eftirfarandi starfsemi og að undanskilinni starfsemi sem fellur undir reglugerð um fráveitur og skólp:*

i. *líffræðileg meðhöndlun.*“

Grein 5.3.b. í I. viðauka við bæði lög nr. 7/1998 og rg. 550/2018 byggja á gr. 5.3.b. í framkvæmdaákvörðun framkvæmdastjórnar EB um niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni (BAT) fyrir úrgangsmeðhöndlun nr. 2018/1147 sem er byggð á tilskipun 2010/75 EB losun frá iðnaði. Frumtextinn er svona: *(b) Recovery, or a mix of recovery and disposal, of non-hazardous waste with a capacity exceeding 75 tonnes per day involving one or more of the following activities, and excluding activities covered by Directive 91/271/EEC:*

(i) biological treatment

Hér er áhugavert að í íslensku þýðingunni í rg. 550/2018 er notað orðið endurheimt fyrir enska orðið recovery en ekki hefur fundist skilgreining á orðið endurheimt í íslenskri löggjöf um úrgangsmál eða útgáfu starfsleyfis.

Skilgreining á orðinu „recovery“ er að finna í tilskipun 2008/98 um úrgang og er eftirfarandi:

15. *“recovery” means any operation the principal result of which is waste serving a useful*

purpose by replacing other materials which would otherwise have been used to fulfil a particular function, or waste being prepared to fulfil that function, in the plant or in the wider economy. Annex II sets out a non-exhaustive list of recovery operations;

Þessi skilgreining passar við skilgreiningu á endurnýtingu, eins og hún er sett fram í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs: *[Endurnýting: aðgerð þar sem aðalútkoman er sú að úrgangur verður til gagns þar eð hann kemur í stað annars efniviðar sem hefði annars verið notaður í tilteknum tilgangi, eða hann er útbúinn til þeirrar notkunar, í stöðinni eða úti í hagkerfinu.]* HER telur ótvírætt að starfsemin falli undir endurnýtingu. Ef UST fellst ekki á túlkun HER er þess óskað að UST skýri hvað felst í orðinu endurheimt.

HER bendir enn fremur á að varla sé hægt að líta á förgun úrgangs sem hluta af starfsemi gas- og jarðgerðarstöðvarinnar. Úrgangurinn kemur forunninn og býið að fjarlægja úr honum megnið af því sem farga þarf. Hins vegar er úrgangi ekki fargað í gas- og jarðgerðarstöðinni, það sem fellur til við hörpun á moltunni og þarf að farga verður flutt á förgunarstað með starfsleyfi til slíks.

Starfsmenn Sorpu hafa leitað til HER vegna útgáfu á rekstrarleyfi fyrir vinnslu og nýtingar dýraleifa skv. EB númer 1069/2009 og 142/2009. Samkvæmt upplýsingum frá Sorpu hafa starfsmenn MAST vakið athygli á því í samskiptum Sorpu og MAST að samkvæmt gr. 3. í reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar aukaafurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, gegnir viðkomandi heilbrigðisnefnd hlutverki lögbærs yfirvalds skv. g-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2019:

„Article 24 Approval of establishments or plants

1. Operators shall ensure that establishments or plants under their control are approved by the competent authority, where such establishments or plants carry out one or more of the following activities:

(g) transformation of animal by-products and/or derived products into biogas or compost; “

Samkvæmt þessu þarf starfsstöð samþykki eða leyfi lögbærs yfirvalds þegar starfsemin felst í umbreytingu á aukaafurðum dýra og/eða afleiddra afurða í lífgas (metan?) eða moltu. Lögbært yfirvald í þessu tilviki er viðkomandi heilbrigðisnefnd sbr. rg. 674/2017. Samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er eina leyfisgjöf á vegum heilbrigðisnefndar starfsleyfi. Ef UST telur að ekki sé átt við starfsleyfi í þessu samhengi óskar HER eftir leiðbeiningum frá stofnuninni um hvernig samþykki eða leyfi (*approval*) HER á að gefa út í samræmi við þetta ákvæði.

Í ljósi þess sem að framan hefur verið rakið telur HER ljóst að í umræddri gas- og jarðgerðarstöð muni hvorki fara fram endurheimt né förgun á úrgangi í skilningi laga nr. 7/1998, sbr. líð 5.3.b í I. viðauka og þær tilskipanir ESB sem lög in og viðaukin innleiða. HER telur að starfsemin sé endurnýting á úrgangi sbr. líð 8.5 í IV. viðauka við lög nr. /1998 og af því leiðir að HER er hið lögbæra stjórnvald sem ber að gefa út starfsleyfi fyrir starfsemina. Þess er vinsamlega óskað að UST staðfesti þennan skilning. Ef UST leggur annan skilning í málið lýsa fulltrúa HER yfir vilja til að fara yfir málið á fundi til að leita lausnar þar sem brýnt er að vinna við starfsleyfið hefjist á næstunni.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Rósa Magnúsdóttir
Deildarstjóri umhverfiseftirlit

Guðjón Ingi Eggertsson
heilbrigðisfulltrúi

Minnispunktur frá fundi UST og HER vegna starfsleyfisgerðar fyrir Sorpu Gas- og jarðgerðarstöð

Fundurinn var haldinn hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur Borgartúni 12-14, þriðjudaginn 11. júní kl. 15

Þann 11.6.2019 var fundað með UST um starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð.

Mætt:

HER: Rósa, Guðjón, Glóey

UST: Agnar Bragi, Sverrir Jónsson

- Farið var stuttlega yfir bréf HER frá 5. mars, bréf UST frá 22. mars og bréf HER frá 20. maí.
- Ekki svart hvítt mál, hægt að fella starfsemina undir bæði viðauka I og X í rlg. 550/2018. UST horfir til stærðar við vinnslu, vinnslumagn, sbr. lið 5.3b í viðauka I.
- Farið var yfir hugtakanotkun í bæði EB tilskipuninni og rlg. hér
- BAT vinna við lífgasvinnslu að far í gang, líklega í norræna BAT hópnunum - UST notar BAT frekar en HER.
- Viðauki X er opnari heimild en viðauki I er sértækari heimild.
- Atriði um dýraleifar er að hluta á skjön við önnur atriði - dýraleifar eru bara hluti af heimilisúrgangi.
- Glóey leggur til að HER taki málið og vinni starfsleyfi.
- UST er 8 mánuði að gefa út leyfi

Niðurstaða: HER mun vinna leyfi og með vitund og ekki í óþökk UST.



FW: Starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs.

Bréf: Bréf

Málsnúmer: 2018040036

Málalyklar: 25.26 Sorpeyðingarstöðvar

Eigandi skjals: Guðjón Ingi Eggertsson

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 12.04.2019

Dagsetning skjals: 09.04.2019

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Eiður Guðmundsson"

<eidur.gudmundsson@sorpa.is>

Notandi: "Eiður Guðmundsson" <eidur.gudmundsson@sorpa.is>

Dagsetning: 9.4.2019 16:13:32

Til: "Guðjón Ingi Eggertsson" <Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is>

Afrit til: "Friðsemd Rósa Magnúsdóttir" <rosa.magnusdottir@reykjavik.is>, berglind.oskth.thorolfsdottir@reykjavik.is

Efni: FW: Starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs.

Heill og sæll Guðjón

Ég er aðeins að forvitnast um framgang þessa máls þ.e. hvað líður drögum að starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs.

Annað mál sem við þurfum að fara að ræða í fullri alvöru er útgafa rekstrarleyfis vegna vinnslu og nýtingar dýraleyfa skv. EB númer 1069/2009 og 142/2011. Samkæmt ágætum starfsmönnum hjá MAST sem ég hef átt í miklum samskiptum við í þessu efni eru það nú heilbrigðisnefndir sem eru hið lögbæra yfirvald í þessu efni ekki MAST. Heilbrigðiseftirlitið er væntanlega framkvæmdaaðili heilbrigðisnefndannaog málið þvíí ykkar höndum

Sjá eftir farandi texta úr tölvupósti frá Valgeiri Bjarnasyni Fagsviðsstjóra dýraheilsu hjá MAST

„Þessi mál breyttust með upptöku nýrra aukaafurðareglugerða EB en þær eru númer 1069/2009 og 142/2011 innleiðingareglugerðin er nr. 674/2017. Þessar reglugerðir voru sem sagt innleiddar 2017.

Samkvæmt 3. gr. íslensku innleiðingareglugerðarinnar nr. 674/2017 er Matvælastofnun ekki lögbært yfirvald í þessum málaflokki, heldur heilbrigðisnefndir. Er þar vísað til m.a. g-liðs 24. gr. reglugerðar 1069/2009. Samkvæmt 5. gr. 674/2017 fer Umhverfisstofnun með eftirlitið“

Sorpa þarf að fara vinna markvist að þessu máli m.a. finna út hvað þarf að leggja fram með umsókninni o.s.frv. Þetta mun taka tíma og það er nú innan við ár í áætlað start á þessari metnaðarfullu gas-og jarðgerð

Með bestu kveðju,

Eiður Guðmundsson

Staðarstjóri Álfsnesi

Sími: 520 2200

GSM: 660 2281

www.sorpa.is

fb logo [SORPA er á FB](#)

fb logo [Góði hirðirinn er á FB](#)

Undirskrift_feb2

From: Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is <Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is>
Sent: miðvikudagur, 6. mars 2019 10:20

To: Eiður Guðmundsson <eidur.gudmundsson@sorpa.is>
Cc: rosa.magnusdottir@reykjavik.is; berglind.osk.th.thorolfsdottir@reykjavik.is
Subject: Fw: Starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs.

Tilvísun í mál: 2018040036

Sæll Eiður.

Til upplýsingar er hér að neðan er afrit af bréfi Heilbrigðiseftirlitsins til Umhverfisstofnunar vegna starfsleyfis fyrir gas- og jarðgerðarstöðina.

Með kveðju,
Guðjón Ingi Eggertsson, heilbrigðisfulltrúi
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Umhverfiseftirlit

Borgartún 12, 105 Reykjavík
s: 411 1111, t-póstur: gudjon.ingi.eggertsson@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit

Reglur um trúnað í tölvupóstsendingum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Bréf

Umhverfisstofnun
B.t. Hildar Vésteinsdóttur sviðsstjóra sviðs
friðlýsinga og starfsleyfa.
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2019
2018040036

Efni: Starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs.

Sorpa bs. hefur sótt um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) fyrir gas- og jarðgerðarstöð fyrirtækisins í Álfsnesi. Umsóknin var móttækin í apríl 2018. Eftir útgáfu reglugerðar um losun frá iðnaði og mengunarnæftirlit nr. 550/2018 komu fram skoðanir hjá starfsmönnum Umhverfisstofnunar (UST) að e.t.v. ætti starfsleyfi heima hjá stofnuninni frekar en Heilbrigðiseftirlitinu. Í janúar 2019 hittust fulltrúar UST og HER á fundi þar sem farið var yfir málið án þess að endanleg niðurstaða lægi fyrir eftir fundinn. Á fundinum kom fram að hjá UST væri m.a. horft til landfræðilegrar nálægðar við urðunarstað Sorpu bs. í Álfsnesi. HER telur að

Þau rök eigi ekki við í ljósi þess að hætt verður að taka við úrgangi til urðunar í lok næsta árs og tekur þá við lokun urðunarstaðarins, eftirlit og eftirfylgni.

Starfsemi gas- og jarðgerðarstöðvarinnar mun felast í því að forunnin úrgangur er fluttur frá móttökustöð fyrirtækisins í Gufunesi í gas- og jarðgerðarstöðina þar sem hann er endurnýttur og loka afurðir eru molta og metangas. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur skýrt af lýsingu á starfseminni í umsókn fyrirtækisins að starfsemin falli undir lið 8.5 í viðauka X í reglugerð 550/2018, Endurnýting úrgangs. sbr. skilgreiningu á endurnýtingu úrgangs í reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs "Endurnýting (recovery): hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun þ.m.t. endurvinnsla, orkuvinnsla og landmótun."


Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mun því vinna drög að starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu í samræmi við ákvæði reglugerð 550/2018 og mun, að óbreyttu, gefa út starfsleyfi fyrir starfseminna að því ferli loknu.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Rósa Magnúsdóttir

Guðjón Ingi Eggertsson

[Fyrirvari um trúnað og meðferð upplýsinga á vef SORPU](#)  - image001.gif

 - image002.jpg



SORPA bs.
Helgi Þór Ingason
Gylfaflöt 5
112 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 21. júlí 2020
Tilv.: UMH20060085/8.14

Ráðuneytið vísar til erindis Sorpu bs., dags. 15. júní sl., þar sem óskað er eftir tímabundinni undanþágu frá kröfu um starfsleyfi til gangsetningar á búnaði gas- og jarðgerðarstöðvar félagsins í Álfsnesi. Fram kemur að starfsleyfið sé í vinnslu hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, drög að starfsleyfisskilyrðum hafi verið send til umsagnar og gas- jarðgerðarstöðin hafi verið tekin út. Sótt sé um undanþáguna þar til vinnsla hefjist að fullu samkvæmt starfsleyfi þannig að ekki verði tafir á gangsetningu stöðvarinnar. Jafnframt sé óskað heimildar til að nýta þær afurðir stöðvarinnar sem framleiddar verði á tíma undanþágunnar, enda uppfylli þær og vinnsluferli stöðvarinnar öll starfsleyfisskilyrði.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matsskyldu starfseminnar, sbr. 1. málsl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 500/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur hinn 16. júní sl.

Umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur barst ráðuneytinu með tölvupósti þann 16. júní sl. Í umsögninni segir að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafi mótttekið umsókn Sorpu bs. um starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi, umsóknin sé metin fullnægjandi og eftirlitið telji að starfsemin falli undir liði 8.5. (Endurnýting úrgangs) og 8.6. (Móttökustöðvar aðrar en þær sem eru í viðauka I og II og meðhöndla meira en 5.000 tonn af úrgangi á ári) í viðauka X við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Sorpa bs. hafi tilkynnt framkvæmdina til Skipulagsstofnunar sem hafi þann 20. febrúar 2014 og 7. mars 2018 tekið ákvarðanir um matsskyldu framkvæmdarinnar þar sem niðurstaða stofnunarinnar hafi verið sú að gas- og jarðgerðarstöðin væri ekki líkleg að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Deiliskipulagsbreyting um stækkun deiliskipulagssvæðis og

lóð undir gas- og jarðgerðarstöð hafi verið samþykkt og tekið gildi. Drög að starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemina hafi verið send Umhverfisstofnun til yfirferðar og ábendinga. Tillaga að starfsleyfi verði auglýst þegar búið verði að fara yfir ábendingar Umhverfisstofnunar. Jákvæð umsögn byggingarfulltrúa liggja ekki fyrir en það sé ein forsenda útgáfu leyfis. Heilbrigðisnefndin gefi jákvæða umsögn um erindi Sorpu bs. um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir rekstri gas- og jarðgerðarstöðvar á meðan lokið sé við afgreiðslu umsóknar fyrirtækisins í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit að því gefnu að við reksturinn verði fylgt ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi. Að auki hafi fyrirtækið hliðsjón af ákvæðum starfsleyfisskilyrða fyrir starfsemina í tillögu að starfsleyfi þegar hún fari í auglýsingu. Heilbrigðiseftirlitið hafi farið í úttekt á stöðinni. Mengunarvarnarbúnaður hafi verið til staðar og því sem næst fullfrágenginn þegar úttektin hafi farið fram og ætti frágangi að vera lokið. Líklegt sé að niðurstaða varðandi útgáfu starfsleyfis liggja fyrir eigi síðar en 30. september nk. Þar sem báðir hlutar starfseminnar, þ.e. gasvinnsla og jarðgerð, séu samþættir telji nefndin erfitt að afmarka starfsemina vegna mögulegrar tímabundinnar undanþágu frá starfsleyfi.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 16. júlí sl. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hafi annast undirbúning starfsleyfisútgáfu og að umsókn Sorpu bs. fyrir gas- og jarðgerðarstöðinni hafi verið skráð móttokin þann 6. apríl 2018. Umhverfisstofnun hafi þann 28. maí sl. borist drög að starfsleyfisskilyrðunum til yfirferðar og athugasemda. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt úrskurði ráðuneytisins frá 7. júlí sl. falli umrædd starfsemi Sorpu bs. undir lið 5.3.b. í viðauka I laga nr. 7/1998 og Umhverfisstofnun sé það lögbæra stjórnvald sem beri að gefa út starfsleyfi fyrir starfseminni. Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skuli útgefandi starfsleyfis vinna tillögur að starfsleyfi og auglýsa opinberlega hvers efnis þær séu og hvar megi nálgast þær. Heimilt sé að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfisins innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Með bréfi, dags. 16. júlí sl., hafi Umhverfisstofnun samþykkt að umsókn Sorpu bs. væri fullnægjandi miðað við kröfur sem gerðar eru til starfsemi sem falli undir I. viðauka framangreindra laga. Þá liggja fyrir niðurstaða Skipulagsstofnunar um matskyldu starfseminnar, dags. 20. febrúar 2014 og 7. mars 2018. Stofnunin vinni nú að tillögu um starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöðina, m.a. á grundvelli undirbúnings Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, gagna frá Sorpu bs. og BAT niðurstaðna sem gildi fyrir starfsemina. Samkvæmt upplýsingum Sorpu bs. frá 16. júlí sl. hafi rekstraraðili kynnt sér BAT skilyrðin. Samkvæmt upplýsingum Sorpu bs. frá 15. júlí sl. sé mikilvægt að horfa til þess að vinnsluferli gas- og jarðgerðarstöðvarinnar sé samhæft ferli allt frá móttöku blandaðs heimilisúrgangs í móttöku og flokkunarstöð Sorpu bs. í Gufunesi og þar til fullunnar afurðir skili sér frá gas- og jarðgerðarstöðinni. Fram komi að ný vinnslulína móttöku og flokkunarstöðvarinnar sé nú tilbúin til vinnslu og allar áætlanir hafi gert ráð fyrir að vinnsla í þessu samhæfða vinnsluferli myndi hefjast í síðasta lagi í byrjun júlí 2020. Sú staða sé því komin upp að ekki verði lengur hægt að bagga umræddan heimilisúrgang fyrir urðun. Það séu því um 350 til 400 tonn af forunnum lífrænum úrgangi sem falli til á viku og eigi sér engan farveg annan en urðun þar til gas- og jarðgerðarstöðin geti tekið við honum til vinnslu. Sorpa bs. bendi á að útgáfa ráðuneytisins á undanþágu muni koma í veg fyrir það að meðhöndla þurfi 350 til 400 tonn á viku af lausum lífrænum úrgangi á urðunarstaðnum í Álfsnesi. Í ljósi þess að nú sé viðkvæmasti tími ársins varðandi lyktarmengun frá urðunarstaðnum telji Sorpa bs. að mjög mikilvæg umhverfisleg rök styðji þörfina á útgáfu undanþágu vegna umræddrar starfsemi. Segir Umhverfisstofnun að í ljósi framangreinds séu efni til að veita umbeðna tímabundna undanþágu frá starfsleyfi í þessu einstaka tilviki vegna sérstakra aðstæðna, að uppfylltum tilteknum skilyrðum svo sem að settar verði kröfur um mengunarvarnir, tryggingar og eftirlit varðandi starfsemina. Sjaldgæft sé að veitt sé undanþága til að hefja starfsemi en stofnunin bendi á að Sorpa bs. sé ekki nýr rekstraraðili. Sorpa bs. reki umfangsmesta urðunarstað landsins og sé með vottað umhverfisstjórnunarkerfi. Sorpa bs. hafi eitt stjórnkerfi fyrir alla starfsemi byggðasamlagsins sem uppfylli kröfur ISO 9001, ISO 14001 og ISO 45001. Hver starfsstöð hafi síðan sértækar verklagsreglur sem snúi að sérhæfðri starfsemi

starfstöðvarinnar. Svo sé einnig um gas- og jarðgerðarstöðina. Í verklagsreglum, leiðbeiningum og viðbragðsáætlunum sé tekið sértaklega á umhverfismálum og fylgni við ISO 14001.

Samkvæmt gögnum málsins sækir Sorpa bs. um starfsleyfi til Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur í apríl 2018. Í lok maí sl. var starfsleyfistillagan sett í umsagnarferli og áætlaði heilbrigðisnefnd um miðjan júní að starfsleyfi yrði gefið út ekki seinna en í lok september nk. Í kjölfar þess að Umhverfisstofnun vísaði ágreiningi milli stofnunarinnar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur til ráðherra á grundvelli 1. mgr. 66. gr. laga nr. 7/1998 úrskurðaði ráðherra þann 7. júlí sl. að starfsemi gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu bs. væri atvinnurekstur sem félli undir lið 5.3.b í I. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og að Umhverfisstofnun væri lögbært stjórnvald sem gæfi út starfsleyfi fyrir starfseminni. Í samræmi við áætlanir Sorpu bs. hefur byggðasamlagið unnið að því að vinnsla í samhæfðu vinnsluferli móttöku blandaðs heimilisúrgangs og vinnslu í gas- og jarðgerðarstöðinni hæfist eigi síðar en í byrjun júlí 2020. Samkvæmt upplýsingum frá Sorpu bs. er sú staða komin upp að ekki er lengur hægt að bagga fyrir urðun þann heimilisúrgang sem til fellur á starfssvæði Sorpu bs. Hann fari því óbaggður í urðun þar til vinnsla geti hafist í stöðinni. Gas- og jarðgerðarstöðin tengist starfsemi Sorpu bs. sem annast meðhöndlun úrgangs frá sex sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og hefur í langan tíma rekið umfangsmesta urðunarstað landsins. Byggðasamlagið er með vottað umhverfis- og gæðastjórnunarkerfi og þar að auki er gas- og jarðgerðarstöðin með sértækar verklagsreglur sem snúa að sérhæfðri starfsemi starfstöðvarinnar. Í verklagsreglum, leiðbeiningum og viðbragðsáætlunum er tekið sértaklega á umhverfismálum og fylgni við ISO 14001. Umhverfisstofnun hefur metið umsókn Sorpu bs. um starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi fullnægjandi. Fyrir liggur niðurstaða Skipulagsstofnunar frá 20. febrúar 2014 og 7. mars 2018 um að gas- og jarðgerðarstöðin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum þar sem hún er ólíkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Deiliskipulagsbreyting um stækkun deiliskipulagssvæðis og lóð undir gas- og jarðgerðarstöð hefur tekið gildi og vottorð byggingarfulltrúa um lokaúttekt Viðinesvegs 21 var gefið út 18. júní sl. í kjölfar lokaúttektar á byggingu gas- og jarðgerðarstöðvarinnar. Rekstraraðili hefur kynnt sér BAT skilyrði, þ.e. bestu aðgengilegu tækni sem gilda um starfsemina og hafa verið skilgreind í „Commission implementing decision (EU) 2018/1147 establishing best available techniques conclusions for waste treatment, under Directive 2010/75/EU of the European Parliament and of the Council“. Rekstraraðili hefur skilað inn til Umhverfisstofnunar áhættumati og viðbragðsáætlun ásamt staðfestingu á bráðamengunartryggingu.

Í ljósi framangreinds og umsagna Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 1. másl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 500/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru að mati ráðuneytisins ríkar ástæður sem mæla með tímabundinni veitingu undanþágu frá starfsleyfi og fellst ráðuneytið því á að veita Sorpu bs., kt. 510588-1189, sem rekstraraðila, tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til keyrslu á búnaði gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu bs. að Viðinesvegi 21, Álfsnesi, til að taka á móti allt að 400 tonnum á viku af lífrænum úrgangi frá heimilum í gas- og jarðgerðarstöðinni í Álfsnesi. Undanþágan nær til þess að framleiddur jarðvegsbætur verði allt að 170 tonn á viku, framleitt lífgas allt að 40 tonn á viku og framleitt metan í gashreinstöð úr afurðum gas- og jarðgerðarstöðvarinnar allt að 30.000 Nm³ á viku.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar, með aðgerðum til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum og að nýta orku vel. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.
2. Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.
3. Óheimilt er að taka við efni sem fellur undir reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

Auk þess er óheimilt að taka á móti öðrum lífrænum rekstrarúrgangi, svo sem frá sláturhúsum eða seyru. Berist úrgangur sem óheimilt er að taka við eða telst ófullnægjandi í vinnslu ber að meðhöndla hann í samræmi við lög og reglugerðir.

4. Stoðefni við gerð jarðvegsbætis má einungis vera kurlaðar trjágreinar eða garðaúrgangur og kurlað ómeðhöndlað timbur, þ.e. sem hvorki er málað né gagnvarið. Efnið skal vera hreint og af góðum gæðum, þ.e. ekki myglað eða skemmt. Óheimilt að nota dýraúrgang, sláturúrgang, gras, hey eða annað lífrænt efni sem stoðefni.
5. Gera skal ráðstafanir til að minnka sem mest má verða þau óþægindi og brunahættu sem stafar af starfseminni.
6. Stjórnandi stöðvarinnar skal hafa nægilega tæknilega færni til að stjórna henni og hann skal hafa hlotið faglega og tæknilega menntun og þjálfun.
7. Starfsfólk skal vera þjálfað til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað stöðvarinnar. Eintak af undanþágu þessari skal ávallt vera tiltæk í starfsstöðinni.
8. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað.
9. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn og fara skal eftir ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.
10. Rekstraraðili skal halda svæði stöðvarinnar snyrtilegu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.
11. Aðgangur að athafnasvæði skal vera takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og hindrar ólöglega losun úrgangs. Hlið skulu lokuð og læst nema þegar starfsemi fer fram. Á starfstöðinni skal eftirlits- og aðgangskerfi einnig fela í sér aðgerðir sem miða að því að koma upp um og sporna gegn ólöglegri losun á staðnum. Gott eftirlit og viðhald skal vera með girðingu.
12. Óheimilt er að geyma úrgang, jarðgerðarefni eða unnin jarðvegsbæti úti við á lóð rekstraraðila. Það skal ávallt geymt innan dyra.
13. Verði vart við meindýr eða varfugl skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila, að teknu tilliti til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
14. Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætla. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.
15. Rekstraraðili skal leitast við að lágmarka hávaða frá starfseminni og skal uppfylla mörk sem fram koma í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
16. Gera skal ráðstafanir til að varna því að lykt berist frá starfsemi, þannig að hún finnist ekki utan athafnasvæðis.
17. Um frárennsli frá stöðinni gildir reglugerð nr. 798/1999 um frárennsli og skólp.
18. Afrennslisvatni frá móttöku, vinnslusvæði við jarðgerðar- og þroskunarkrær, sigtunarsvæði og geymslusvæði fyrir jarðvegsbæti skal safnað og veitt aftur í gasgerðarferlið. Eigi að farga því skal það efnagreint og niðurstöður nýttar við ákvörðun um förgunarleiðir.

19. Afrennsli af athafna- og vinnusvæðum utandyra skal leitt um olíuskilju og þaðan um siturlögn ef ekki er unnt að leiða það í frárennisliskerfi Reykjavíkur. Viðhald og eftirlit með olíuskilju skal vera í samræmi við reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um olíuskiljur. Halda skal skrá um viðhald og eftirlit með olíuskilju og skal það vera hluti af innra eftirliti rekstraraðila.
20. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færast á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal viðhafa samþættar mengunarvarnir og lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.
21. Skrá skal upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á mót, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Skrá skal magn, tegundir, uppruna, dagsetningu móttöku, vinnsluáðferðir og ráðstöfun.
22. Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á mót. Spilliefnum sem kunna að berast rekstraraðila skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta tækifæri í samræmi við reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.
23. Rekstraraðili skal viðhafa innra eftirlit í samræmi við BAT-niðurstöður, sbr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, þ. á m skal hann skrá upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á mót, mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, niðurstöður mælinga, ábendingar og kvartanir sem berast vegna starfseminnar og viðbrögð við þeim og viðhald og eftirlit með mengunarvarnabúnaði.
24. Losunarmörk fyrir punktuppsprettur (þar sem losun fer í viðtaka):

Ammóníak (NH_3)	20 mg / Nm^3
Lyktarstyrkur	1000 ou _E / Nm^3

Nægjanlegt er að uppfylla *annað hvort* mörkin fyrir NH_3 eða lyktarstyrk. Í tillögu að starfsleyfi kunna að verða gerðar breytingar á framangreindum mörkum.

Fráveita skal uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Við útrás fráveituvatns í viðtaka mega hvergi vera set eða útfellingar, þekjur af rotverum (bakteríur eða sveppum), olía eða froða, úrgangur eða aðrir aðskotahlutir, efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

Eftirlitsaðili mun í eftirliti með starfseminni fylgjast með þessum þáttum í samræmi við gildandi verklagsreglur um framkvæmd eftirlits og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Aðstaða skal vera til mælinga á fráveitu frá starfstöðinni.
25. Rekstraraðili skal hafa bráðamengunartryggingu sem Umhverfisstofnun telur fullnægjandi.
26. Áhættumat og viðbragðsáætlun skal vera aðgengileg starfsfólki.
27. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað og sjá um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að breiðast út.
28. Verði óhapp sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við neyðarlínuna 112.
29. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis upplýst um óhappið. Í tilkynningu skal greina eftirlitsaðila frá hættu á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.
30. Rekstraraðila ber að tilkynna Umhverfisstofnun fyrirfram um skipulegar aðgerðir sem geta valdið auknu lyktarónæði frá starfseminni, svo sem viðhald eða tæmingar á geymum.
31. Verði losun á gasi eða lyktarsterku lofti fyrir slysi eða vegna óhapps ber rekstraraðila að tilkynna það Umhverfisstofnun svo fljótt sem auðið er. Jafnframt skal upplýsa almenning um slíkt svo fljótt sem auðið er, t.d. með tilkynningu á vefmiðlum rekstraraðila.
32. Rekstraraðili skal, mánaðarlega frá því að undanþága tekur gildi, senda Umhverfisstofnun

skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um m.a. umfang og magn úrgangs.

33. Gera skal mælingu á NH_3 eða lyktarstyrk frá punktuppsprettur (þar sem losun fer í viðtaka). Mælingar skulu liggja fyrir innan 6 vikna frá gangsetningu. Skila skal Umhverfisstofnun niðurstöðum um leið og þær liggja fyrir.
34. Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
35. Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlanir við mengunaróhöppum sem skulu vera tilbúnar áður en undanþágan tekur gildi. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.
36. Verði frávik skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafna til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Umhverfisstofnun fer með mengunarvarnaeftirlit með starfsemi rekstraraðila, skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 og í samræmi við ákvæði X. kafla reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Ber rekstraraðila að fylgja fyrirmælum Umhverfisstofnunar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnar. Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur m.a. farið fram vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur. Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsókna við eftirlit skal byggt á grundvelli eftirlitsáætlana, sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018, þar með talið viðmiðum um möguleg og raunveruleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið, skrá yfir hvernig starfsleyfisskilyrðum er fylgt og þátttöku í vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi. Fyrirvaralaust eða annað óvenjubundið eftirlit skal fara fram til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum, þar sem reglum er ekki fylgt, eins fljótt og auðið er og eftir því sem við á, fyrir veitingu leyfis. Eftir hverja vettvangsheimsókn skal eftirlitsaðili taka saman skýrslu með lýsingu á því sem fram kom og skiptir máli varðandi það hvort starfsemin sé í samræmi við sett skilyrði ásamt niðurstöðum um hvort frekari aðgerðir eru nauðsynlegar. Skýrslan skal gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni. Sorpa bs. ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Almennigur á rétt á aðgengi að upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Vakin er athygli á að Umhverfisstofnun gæti í eftirliti þurft að setja fram kröfur sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan enda hefur starfsleyfi ekki enn verið útgefið vegna starfseminnar. Þegar tillaga að starfsleyfi verður auglýst skal rekstraraðili fara að ákvæðum hennar.

Fylgi rekstraraðili ekki skilyrðum undanþágu þessara, ákvæðum laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum Umhverfisstofnunar getur stofnunin beitt ákvæðum XVII. kafla í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnar ef frávik verða. Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilega fresti til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi til bráðabirgða eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarlegt tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests. Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

Umhverfisstofnun skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Undanþága þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 30.

október 2020.

Hvað varðar nýtingu afurða frá gas- og jarðgerðarstöðinni, sem einnig er sótt um undanþágu fyrir, gildir reglugerð nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs. Ekki er þörf á sérstakri undanþágu til að nýta þær afurðir sem myndast í stöðinni heldur ber að fara að því ferli sem tilgreint er í framangreindri reglugerð sem gildir um endurnýtingu úrgangs í atvinnuskyni að svo miklu leyti sem ekki hafa verið sett viðmið um lok úrgangsfasa fyrir úrganginn skv. 21. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 7. júlí 2020
Tilv.: UMH20060087/8.14

Hinn 7. júlí 2020, er kveðinn upp í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Með bréfi, dags. 24. júní 2020, óskaði Umhverfisstofnun eftir úrskurði ráðuneytisins um hvaða stjórnvald væri lögbært stjórnvald til að annast starfsleyfisútgáfu vegna umsóknar gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu bs. í Álfsnesi um starfsleyfi. Í málinu er ágreiningur um hvort Umhverfisstofnun eða Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur skuli annast umrædda starfsleyfisútgáfu á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í 1. mgr. 66. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að ágreiningi sem risi milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga um framkvæmd laganna skuli vísa til fullnaðarúrskurðar ráðherra.

I. Málavextir.

Með umsókn, sem móttékin var af Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur þann 6. apríl 2018, sótti Sorpa bs. um starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. í Álfsnesi. Árið 2019 fóru fram bréfaskriftir milli Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um það hvort stofnunin eða Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur ætti að gefa út framangreint starfsleyfi. Umhverfisstofnun óskaði þann 22. mars 2019 eftir framsendingu á framangreindri umsókn um starfsleyfi þar sem stofnunin taldi starfsemina falla undir viðauka I laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur svaraði erindinu þann 20. maí 2019 og í niðurlagi bréfsins tilkynnti eftirlitið stofnuninni þá skoðun sína að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur væri lögbært stjórnvald til að gefa út umrætt starfsleyfi. Að sögn Umhverfisstofnunar var fundað um málið 11. júní 2019 án niðurstöðu en í minnispunktum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá þeim fundi er tiltekið að niðurstaða fundarins sé að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur muni vinna starfsleyfið með vitund og ekki í óþökk Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun barst þann 27. maí sl. erindi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þar sem óskað var eftir athugasemdum við drög að starfsleyfis skilyrðum fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. í Álfsnesi.

Þann 12. júní sl. vakti ráðuneytið athygli Umhverfisstofnunar á því að Sorpu bs. hafi verið veitt heimild á afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 2. júní sl. til prófunar á búnaði og tilraunavinnslu í gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi. Ráðuneytið benti á að ekki sé gert ráð fyrir í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir að útgefandi starfsleyfis geti veitt aðrar heimildir fyrir starfsemi en í formi útgáfu starfsleyfis eða framlengingar á útgáfu starfsleyfis meðan endurnýjun á leyfi er til meðferðar. Ráðuneytið hafi óskað eftir því að Umhverfisstofnun kanni málið og hvort tilefni væri til að veita Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur leiðbeiningar vegna umræddrar starfsemi í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun hafi sent erindi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sama dag og óskaði eftir nánari upplýsingum um þá heimild sem Sorpu bs. hafi verið veitt til prófunar á búnaði. Umhverfisstofnun hafi þann 16. júní sl. borist svar frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þar sem fram komi að í ljósi ábendinga ráðuneytisins og Umhverfisstofnunar hafi verið tekin ný ákvörðun á afgreiðslufundi heilbrigðiseftirlitsins þann 16. júní 2020 þar sem áður veitt ákvörðun hafi verið felld úr gildi. Þá komi fram að Sorpu bs. hafi verið leiðbeint um að sækja um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, til ráðherra umhverfis- og auðlindamála.

Sorpa bs. óskaði eftir undanþágu frá kröfu um starfsleyfi til ráðuneytisins þann 15. júní 2020 og ráðuneytið sendi erindið til Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur til umsagnar, sbr. 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Í umsókn Sorpu bs. er óskað eftir tímabundinni undanþágu til prófunar á búnaði gas- og jarðgerðarstöðvar félagsins í Álfsnesi, þar til vinnsla hefjist að fullu samkvæmt útgefnu starfsleyfi þannig að ekki verði tafir á gangsetningu stöðvarinnar. Framangreint erindi Sorpu bs. er til meðferðar hjá ráðuneytinu og verður afgreitt á næstunni.

Í framangreindu erindi Umhverfisstofnunar til ráðuneytisins hinn 24. júní sl. kemur fram að stofnunin telji það óskýrt hvort Umhverfisstofnun eða Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur eigi að annast starfsleyfisútgáfu fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. í Álfsnesi. Stofnunin telji mikilvægt að fá úr því skorið hvort stofnunin eða heilbrigðisnefnd fari með útgáfu starfsleyfisins og eftirlit með rekstri gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. áður en drög að starfsleyfi verði auglýst og erindi um undanþágu afgreitt. Stofnunin hefur með erindi til ráðuneytisins því, að mati ráðuneytisins, óskað eftir úrskurði um framangreint mál á grundvelli 1. mgr. 66. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Með tölvupósti 26. júní sl. óskaði ráðuneytið eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur á framangreindu erindi Umhverfisstofnunar og umræddu álitamáli. Umsögn heilbrigðisnefndar barst ráðuneytinu 2. júlí 2020.

II. Málástæður og afstaða aðila.

Umsögn Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun bendir á ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 um að Umhverfisstofnun veiti starfsleyfi fyrir söfnunar- og móttökustöðvar ef þær eru reknar í nánnum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði, sbr. viðauka II laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og IX. viðauka reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Þá bendir stofnunin á að heimild sé í lið III. í gr. 1.2 í starfsleyfi Sorpu bs. í Álfsnesi fyrir móttöku og meðhöndlun úrgangs til að gera tilraunir með endurnýtingu flokkaðs úrgangs í samráði við útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila. Tilraunir með endurnýtingu lyktarsterks úrgangs og annars úrgangs sem valdið getur umtalsverðum óþrifnaði, ónæði eða mengun sé þó einungis heimilt að gera að fengnu samþykki útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila og að því undangengnu að Umhverfisstofnun hafi leitað umsagna Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis áður en samþykki sé veitt.

Í erindi heilbrigðiseftirlits til stofnunarinnar dags. 5. mars 2019 og drögum að starfsleyfis skilyrðum komi fram að heilbrigðiseftirlitið telji að starfsemin falli undir lið 8.5 Endurnýting úrgangs í X. viðauka við reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Umhverfisstofnun kveðst telja það óskýrt hver eigi að gefa út starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð sem taki árlega á móti 40.000 tonnum af úrgangi. Í því skyni bendir stofnunin á að hún gefi út starfsleyfi fyrir líffræðilega

meðhöndlun sem falli undir lið 5.3.b í viðauka I laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Þá veiti stofnunin starfsleyfi fyrir söfnunar- og móttökustöðvar séu þær reknar í nánnum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði, sbr. lið 8.a. í viðauka II laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og lið 8.a. í IX. viðauka reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Umhverfisstofnun telur starfsemi gas- og jarðgerðar Sorpu bs. geta heyrt undir lið 5.3.b í viðauka I laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. lið 5.3.b í I. viðauka reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Að mati Umhverfisstofnunar getur ákvæðið átt við um þá starfsemi sem lýst hafi verið í umsókn um starfsleyfi, í kynningum rekstraraðila m.t.t. til magns sem um ræði og telur að drög Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur að starfsleyfisskilyrðum beri merki þess að starfsemin geti fallið undir I. viðauka laganna og reglugerðarinnar. Þar sem um sé að ræða sérstakt ákvæði í viðauka sem er innleiðing á ákvæðum tilskipunar 2010/75/ESB um losun frá iðnaði, þá telji stofnunin það ganga framar hinu almenna ákvæði um endurnýtingu úrgangs í lið 8.5 í X. viðauka við reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, einkum þar sem fram komi mörk um afkastagetu á dag í starfseminni. Umhverfisstofnun bendi jafnframt á að gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. sé umfangsmikil starfsemi sem taki árlega samtals á móti 40.000 tonnum, það er að segja u.þ.b. 110 tonnum á dag af úrgangi, sem skiptist í um 30.000 tonn af lífrænum úrgangi frá heimilum og 10.000 tonn af fljótandi lífrænum úrgangi frá mótuneytum. Úr þessu er áætlað að framleiða 12-15.000 tonn af jarðvegsbæti og 3.600 tonn af lífgasi. Þannig sé um umfangsmeiri starfsemi að ræða en starfsemi sem falli undir X. viðauka reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit en í lið 8. í X. viðauka reglugerðarinnar er umfangsminni starfsemi svo sem móttökustöðvar og gámostöðvar.

Stofnunin bendir á að í framkvæmdaákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1147 frá 10. ágúst 2018 um að fastsetja niðurstöður um bestu, fánlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna úrgangsmeðhöndlunar, sé í þriðja kafla með viðauka ákvörðunarinnar fjallað um líffræðilega meðhöndlun úrgangs. Undirkafla 3.3 fjalli um loftfirrða meðhöndlun en fyrri hluti vinnslunnar sem fyrirhuguð sé í Álfsnesi, metanvinnsluhluti ferilsins, sé við loftfirrðar aðstæður. Í undirkafla 3.2 er fjallað um loftaða meðhöndlun en seinni hluti vinnslunnar sem hér um ræðir, jarðgerðarhlutinn, fari fram við loftaðar aðstæður.

Umhverfisstofnun telur að öðru leyti að reglan um landfræðilega nálægð starfseminnar geti átt við, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga um meðhöndlun úrgangs. Þar segi að Umhverfisstofnun veiti m.a. starfsleyfi fyrir söfnunar- og móttökustöðvar séu þær eru reknar í nánnum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði. Stofnunin bendir þá á að í lið 8.a. í IX. viðauka reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og lið 8.a. í viðauka II laga um hollustuhætti og mengunarvarnir segi að Umhverfisstofnun veiti starfsleyfi fyrir meðferð úrgangs þar sem tekið sé á móti meira en 5.000 tonnum af úrgangi á ári.

Umhverfisstofnun bendir á að í erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 20. maí 2019 segi að ákvæði 14. gr. laga um meðhöndlun úrgangs eigi ekki við í málinu þar sem hætt verði að urða úrgang á svæðinu í lok 2020. Umhverfisstofnun bendi í því skyni á að reglan um landfræðilega nálægð starfseminnar við förgunarstað úrgangs, sé enn í gildi þar til förgunarstað hafi verið lokað. Starfsemi urðunarstaðar teljist ekki endalega lokið fyrir en eftirlitsaðili hafi skoðað vettvang og metið upplýsingar rekstraraðila varðandi lokun og Umhverfisstofnun hafi veitt samþykki fyrir lokun, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga um meðhöndlun úrgangs.

Umhverfisstofnun bendir á að starfsleyfi Sorpu bs. í Álfsnesi fyrir urðunarstaðinn falli úr gildi 31. desember 2020. Væri því mögulegt að vinna nýtt starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöðina samhliða starfsleyfisvinnslunni fyrir urðunarstaðinn, ef ákveðið verði að halda áfram með urðunarstaðinn og svo fremi sem urðunarstaðurinn sé í samræmi við gildandi skipulag. Vekja beri þó athygli á því að umsókn hafi ekki borist stofnuninni um nýtt starfsleyfi fyrir meðhöndlun úrgangs í Álfsnesi og stofnunin hafi upplýst aðila um gildistíma starfsleyfisins. Þá hafi Sorpa bs. ekki tilkynnt Umhverfisstofnun formlega um lokun urðunarstaðarins.

Umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur frá 26. júní 2020, sem barst ráðuneytinu með tölvupósti 2. júlí sl., segir að þau vinnubrögð Umhverfisstofnunar að óska eftir fullnaðarúrskurði ráðherra í máli þessu séu forkastanleg og íþyngjandi gagnvart Sorpu bs. og að niðurstaða hafi legið fyrir um það hvaða stjórnvald skyldi annast starfsleyfisútgáfuna. Hefði Umhverfisstofnun strax eftir fundinn 11. júní 2019 komið fram með þetta álit væri málið í öðrum farvegi.

Í umsögninni segir að starfsemi gas- og jarðgerðarstöðvarinnar muni felast í því að forunnin úrgangur verði fluttur frá móttökustöð fyrirtækisins í Gufunesi í gas- og jarðgerðarstöðina þar sem hann verði endurnýttur og lokaafurðir verði molta og metangas. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur telji skýrt af lýsingu á starfseminni í umsókn fyrirtækisins að starfsemin falli undir lið 8.5 í viðauka X í reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, þ.e. endurnýting úrgangs, sbr. skilgreiningu á endurnýtingu úrgangs í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs „Endurnýting (recovery): hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun þ.m.t. endurvinnsla, orkuvinnsla og landmótun.“

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur bendir á að í íslenskri þýðingu á tilskipun 2008/98 um úrgang, sem tekin er upp í reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sé notað orðið endurheimt fyrir enska orðið „recovery“. Eftirfarandi skilgreiningu á „recovery“ sé að finna í tilskipun EB 2008/98 um úrgang: *‘recovery’ means any operation the principal result of which is waste serving a useful purpose by replacing other materials which would otherwise have been used to fulfil a particular function, or waste being prepared to fulfil that function, in the plant or in the wider economy. Annex II sets out a non-exhaustive list of recovery operations*. Þessi skilgreining passi við skilgreiningu á endurnýtingu, eins og hún sé sett fram í lögum um meðhöndlun úrgangs: *Endurnýting: aðgerð þar sem aðalútkoman er sú að úrgangur verður til gagns þar eð hann kemur í stað annars efniviðar sem hefði annars verið notaður í tilteknum tilgangi, eða hann er útbúinn til þeirrar notkunar, í stöðinni eða úti í hagkerfinu*. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telji ótvírætt að umrædd starfsemi falli undir endurnýtingu úrgangs.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur telur að ekki sé hægt að líta á förgun úrgangs sem hluta af starfsemi gas- og jarðgerðarstöðvarinnar. Úrgangurinn komi forunninn sem hráefni til vinnslu og búið sé að fjarlægja úr honum megnið af því sem farga þurfi. Úrgangi sé ekki fargað í gas- og jarðgerðarstöðinni. Í vinnsluferlinu falli til lítilsháttar úrgangur við hörpun á moltunni, sem verði fluttur á förgunarstað með starfsleyfi til slíks.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur bendir á að samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar aukaafurðir sem ekki séu ætlaðar til manneldis, gegni viðkomandi heilbrigðisnefnd hlutverki lögbærs yfirvalds samkvæmt g-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Þannig þurfi starfsstöð samþykki eða leyfi lögbærs yfirvalds þegar starfsemi felist í umbreytingu á aukaafurðum dýra og/eða afleiddra afurða í lífgas eða moltu. Lögbært yfirvald í þessu tilviki sé viðkomandi heilbrigðisnefnd og því skuli heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

III. Forsendur og niðurstaða.

Í máli þessu er um að ræða ágreining milli Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um framkvæmd laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Nánar tiltekið um það hvort Umhverfisstofnun eða Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur sé lögbært stjórnvald sem skuli gefa út starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. í Álfsnesi.

Með lögum nr. 66/2020, sem tóku gildi 1. júlí sl., var gerð breyting á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir hvað varðar viðauka laganna. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sbr. viðaukar I, II og IV, hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Í 1. mgr. 7. gr. laganna er kveðið á um að Umhverfisstofnun gefi út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sbr. viðauka I og II, sbr. þó 8. gr. laganna og að heilbrigðisnefndir gefi út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sbr. viðauka IV, sbr. þó 8. gr. laganna. Undir hvaða viðauka starfsemi fellur fer eftir umfangi og eðli viðkomandi starfsemi.

Samkvæmt gögnum málsins er gert ráð fyrir að í gas- og jarðgerðarstöðinni sem hér er til umfjöllunar, verði meðhöndlaður lífrænn úrgangur í lotuferli til framleiðslu á hauggasi og jarðvegsbæti. Ferlið er þannig útfært að vatnsrof, gasgerð og jarðgerð eru aðskilin. Gert er ráð fyrir móttökuhúsi fyrir heimilísúrgang og tekið verður við formeðhöndluðum heimilísúrgangi frá móttökustöð Sorpu bs. í Gufunesi. Í drögum Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur að starfsleyfisskilyrðum fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. í Álfsnesi frá 20. maí 2020 er gert ráð fyrir að Sorpu bs. verði heimilt að taka á móti allt að 30.000 tonnum af lífrænum úrgangi frá heimilum og 10.000 tonnum af fljótandi lífrænum úrgangi frá mötuneytum til gasvinnslu og jarðgerðar, þ.e. vinnslu á jarðvegsbæti, í gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi. Áætlað er að úr þessu hráefni verði unnin 12-15.000 tonn af jarðvegsbæti og um 3.600 tonn af lífgasi árlega.

Af framangreindu er ljóst að mati ráðuneytisins að meginstarfsemi gas- og jarðgerðarstöðvarinnar felst í að

meðhöndla lífrænan úrgang í því skyni að búa til tvær vörur, hauggas og jarðvegsbæti. Samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er endurnýting skilgreind sem aðgerð þar sem aðalútkoman er sú að úrgangur verður til gagns þar eð hann kemur í stað annars efniviðar sem hefði annars verið notaður í tilteknum tilgangi, eða hann er útbúinn til þeirrar notkunar, í stöðinni eða úti í hagkerfinu. Af því leiðir að starfsemi Sorpu bs. í gas- og jarðgerðarstöðinni felur í sér endurnýtingu úrgangs.

Samkvæmt drögum að starfsleyfis skilyrðum fyrir gas- og jarðgerðarstöðina koma 30.000 tonn af lífrænum úrgangi til vinnslu í stöðinni frá móttökustöð Sorpu bs. í Gufunesi. Hins vegar koma 10.000 tonn af lífrænum úrgangi til vinnslu beint frá mótuneytum. Þrátt fyrir að hluti úrgangsins, þ.e. 10.000 tonn, komi beint frá mótuneytum til vinnslu í stöðinni er ekki unnt að skilgreina þann hluta starfseminnar sem móttökustöð samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ljóst er að tilgangur þess að koma með þann hluta úrgangsins, þ.e. 10.000 tonn frá mótuneytum, er endurnýting hans í gas- og jarðgerðarstöðinni með sama hætti og hinn hluti úrgangsins, þ.e. 30.000 tonn.

Samkvæmt 19. tölul. (áður töluliður 8.5) viðauka IV laga um hollustuhætti og mengunarvarnir skulu heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir endurnýtingu úrgangs.

Samkvæmt lið 5.3 b í viðauka I skal Umhverfisstofnun gefa út starfsleyfi fyrir endurheimt eða blöndu af endurheimt og förgun á hættulausum úrgangi í stöðvum með afkastagetu yfir 75 tonnum af dag sem felur í sér eina eða fleiri eftirfarandi starfsemi og að undanskilinni starfsemi sem fellur undir reglugerð um fráveitur og skólp: i. líffræðilega meðhöndlun.

Með lögum nr. 66/2017 var gerð breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir vegna innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði. Gerð var breyting á viðauka I laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og viðauki I með tilskipun 2010/75/ESB tekinn upp í lögin. Í lið 5.3. b í viðauka I í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir er talað um endurheimt eða blöndu af endurheimt og er það í samræmi við íslenska þýðingu á tilskipun 2010/75/ESB. Í tilskipun 2010/75/ESB er notað hugtakið „recovery“ í lið 5.3 b í viðauka I með tilskipuninni. Hugtakið „recovery“ er almennt þýtt sem endurnýting hér á landi, sbr. m.a. lög um meðhöndlun úrgangs. Að mati ráðuneytisins verður að skýra lið 5.3. b í viðauka I laga um hollustuhætti og mengunarvarnir á þá að leið að með endurheimt sé átt við endurnýtingu úrgangs í samræmi við tilskipun 2010/75/ESB.

Í viðauka I laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er tilgreind tiltekin starfsemi yfir tilteknum stærðarmörkum. Í viðauka II og IV laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er talin upp sama starfsemi en undir þeim stærðarmörkum sem tilgreind er á viðauka I. Jafnframt er á viðauka II og IV tilgreind önnur starfsemi sem er ekki að finna á viðauka I. Viðaukar I, II og IV mynda af þeim sökum eina heild um þá starfsemi sem skuli vera háð starfsleyfi samkvæmt lögum, annað hvort hjá Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndum sveitarfélaga.

Í 19. tölulið viðauka IV er ekki að finna afmörkun á stærð eða afmörkun gagnvart öðrum viðauka laganna líkt og er að finna í nokkrum öðrum töluliðum í viðauka IV, svo sem í 17. tölulið. Ráðuneytið telur hins vegar ljóst að sambærilega afmörkun, sem er í öðrum töluliðum viðaukans, vanti í 19. tölulið viðauka IV. Í viðauka I er tilgreind starfsemi sem felur í sér endurnýtingu úrgangs yfir tilteknum stærðarmörkum, sbr. liðir 5.1, 5.2 og 5.3. Í lið 5.3. b í viðauka I laganna er tilgreind starfsemi yfir tilteknum stærðarmörkum varðandi endurnýtingu úrgangs sem gengur frammar almennu ákvæði 19. töluliðar um endurnýtingu úrgangs. Þegar liður 5.3 b í viðauka I og 19. töluliður viðauka IV eru túlkaðir saman ber að mati ráðuneytisins að álykta að heilbrigðisnefndir gefi út starfsleyfi fyrir starfsemi stöðva þar sem afkastageta er undir 75 tonnum á dag.

Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er ljóst að afkastageta gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu bs. verði allt að 40.000 tonn á ári sem gera um það bil 110 tonn á dag. Þannig er fyrirhugað í stöðinni líffræðileg meðhöndlun úrgangs með afkastagetu yfir 75 tonnum á dag. Um er því að ræða starfsemi sem fellur undir i. lið 5.3.b í viðauka I laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og skal því Umhverfisstofnun gefa út starfsleyfi fyrir starfseminni.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur bendir nefndin á að samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar aukaafurðir sem ekki séu ætlaðar til manneldis, gegni viðkomandi heilbrigðisnefnd hlutverki lögbærs yfirvalds samkvæmt g-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Að mati nefndarinnar þurfi starfsstöð samþykki eða leyfi lögbærs yfirvalds þegar starfsemi felist í umbreytingu á aukaafurðum dýra og/eða afleiddra afurða í lífgas eða moltu og að lögbært yfirvald í þessu tilviki sé viðkomandi heilbrigðisnefnd. Ráðuneytið bendir á í þessu samhengi á að samþykki fyrir fyrirtækjum eða stöðvum fer samkvæmt 4. gr. sömu reglugerðar. Samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar skulu fyrirtæki eða stöðvar, sbr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sbr. 1. gr., hafa viðeigandi leyfi stjórnvalda samkvæmt lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og/eða lögum nr. 55/2003 um

meðhöndlun úrgangs. Um útgáfu leyfa fer því samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Af gögnum málsins er ljóst að ágreiningur hafi risið milli umræddra stjórnvalda strax á árinu 2019 án þess að óskað hafi verið eftir fullnaðarúrskurði ráðherra. Vegna þessa telur ráðuneytið rétt að benda á mikilvægi þess að slíkur ágreiningur sé til lykta leiddur eins fljótt og unnt er til að afgreiðsla umsókna um starfsleyfi tefjist ekki. Í ljósi þessa beinir ráðuneytið því til Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur að vinna saman að því að afgreiðsla umsókna Sorpu bs. tefjist ekki enn frekar, þ. á m. að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur framsendi umsókn um starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. ásamt fylgigögnum, starfsleyfistillögu og annað er varðar umsóknina í kjölfar þessa úrskurðar til Umhverfisstofnunar og að Umhverfisstofnun auglýsi drög að starfsleyfi eins fljótt og verða má.

Úrskurðarorð.

Starfsemi sem hér um ræðir hjá gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. er atvinnurekstur sem fellur undir lið 5.3.b í viðauka I laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og er Umhverfisstofnun lögbært stjórnvald sem gefur út starfsleyfi fyrir starfsemi.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson

Kjartan Ingvarsson

Afrit:

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Hr. Guðmundur Ingi Guðbrandsson,
Ráðherra
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. júlí 2020
Tilvísun: 2020070087/25.26

Efni: Vegna úrskurðar umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um hvort Umhverfisstofnun eða Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur eigi að gefa út starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu í Álfsnesi.

Forsaga

Forsaga málsins er sú, að um árábil hefur verið unnið að byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar á vegum Sorpu bs. fyrir hönd sveitarfélaganna á Höfuðborgarsvæðinu, en bygging hennar er talin forsenda þess, að umrædd sveitarfélög geti staðið við skuldbindingar sínar og íslenska ríkisins í úrgangsmálum.

Sorpa bs. sótti um starfsleyfi fyrir stöðinni til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (hér efir HER eða heilbrigðiseftirlitið). Þá þegar komu upp umræður um, hvort stjórnvaldið ætti að annast leyfisgerðina, HER eða Umhverfisstofnun. Að loknum nokkrum umræðum fékkst sú niðurstaða milli stofnananna í upphafi sumars 2019, að heilbrigðiseftirlitið skyldi annast starfsleyfisgerðina og var þá þegar hafist handa við afgreiðslu umsóknarinnar. Rúmu ári seinna óskar Umhverfisstofnun, án umræðna eða samráðs við HER, eftir úrskurði ráðherra um, að sú stofnun skuli annast starfsleyfisgerðina. Á þeim tímapunkti hafði Umhverfisstofnun haft tillögur heilbrigðiseftirlitsins að starfsleyfisskilyrðum fyrir gas- og jarðgerðarstöðina til umsagnar í fjórar vikur án þess að gera athugasemdir. Var því komið að því að auglýsa starfsleyfistillöguna þegar beiðni Umhverfisstofnunar kom fram.

Framganga Umhverfisstofnunar

Í fyrsta lagi vill HER gera alvarlegar athugasemdir við framgang Umhverfisstofnunar í máli þessu. Það vekur furðu að stofnunin komi fram með þeim hætti sem raun ber vitni og er að mati heilbrigðiseftirlitsins bæði óskiljanleg og óeðlileg stjórnsýsla. Miklu nær hefði verið, í ljósi meðalhófs og góðra stjórnsýsluhátta, að láta leyfisgerðina hafa sinn framgang, enda gat stofnunin komið sínum athugasemdum við starfsleyfisskilyrðin á framfæri við HER eins og óskað hafði verið eftir. Það hefði svo með samtali og samráði, og eftir atvikum með atbeina ráðuneytisins, mátt leysa úr þeim vafa sem Umhverfisstofnun taldi skyndilega vera uppi um hvort stjórnvaldið skyldi annast leyfisgerð og eftirlit með gas- og jarðgerðarstöðinni og í framhaldi, yrði niðurstaðan á þann veg, hefja viðræður um yfirtöku eftirlits að lokinni starfsleyfisgerð í stað þess að setja árs vinnu HER í uppnám og tefja útgáfu starfsleyfis um ófyrirséðan tíma. Það hefði verið eðlileg stjórnsýsla og góðir stjórnsýsluhættir í samburði við hitt að skipta um skoðun í miðri á og setja allt málið í uppnám með ófyrirséðum afleiðingum fyrir fyrirtækið sem um ræðir og þá starfsemi sem þar á að fara fram.



Úrskurður ráðuneytisins

Í öðru lagi verður ekki hjá því komist að benda á að verulegir ágallar eru á úrskurði ráðuneytisins sbr. það sem hér fer á eftir.

Í úrskurðinum segir: „*Af gögnum málsins er ljóst að ágreiningur hafi risið milli umræddra stjórnvalda strax á árinu 2019 án þess að óskað hafi verið eftir fullnaðarúrskurði ráðherra. Vegna þessa telur ráðuneytið rétt að benda á mikilvægi þess að slíkur ágreiningur sé til lykta leiddur eins fljótt og unnt er til að afgreiðsla umsókna um starfsleyfi teffist ekki.*“ Þetta er beinlínis röng og ósönn fullyrðing. Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur ræddu saman um, hvort stjórnvaldið ætti að annast leyfisgerð og komust sameiginlega að þeirri niðurstöðu, að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur skyldi annast leyfisgerðina. Þetta kemur fram í umsögn heilbrigðiseftirlitsins til ráðuneytisins og gögnum sem fylgdu með henni. Enginn ágreiningur var því fyrir hendi. Meira en ári síðar þegar gerð starfsleyfis skilyrða fyrir gas- og jarðgerðarstöðina er nánast lokið komst Umhverfisstofnun að annarri niðurstöðu og óskaði eftir úrskurði ráðherra, án nokkurs samtals eða samráðs við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur eins og að framan greinir.

Jafnframt segir í úrskurði ráðherra: „*Í viðaukum II og IV laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er talin upp sama starfsemi en undir þeim stærðarmörkum sem tilgreind er á viðauka I. Jafnframt er á viðauka II og IV tilgreind önnur starfsemi sem er ekki að finna á viðauka I. Viðaukar I, II og IV mynda af þeim sökum eina heild um þá starfsemi sem skuli vera háð starfsleyfi samkvæmt lögnum, annað hvort hjá Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndum sveitarfélags.*“ Þarna virðist vera um einhvers konar oftúlkun ráðuneytisins að ræða. Heildin er ekki meiri en svo, að viðaukarnir skiptast á milli tveggja stjórnáætlunastofnana, að mestu án skörunar.

Í úrskurðinum segir síðan: „*Í 19. tölulið viðauka IV er ekki að finna afmörkun á stærð eða afmörkun gagnvart öðrum viðauka laganna líkt og er að finna í nokkrum öðrum töluliðum í viðauka IV, svo sem í 17. tölulið. Ráðuneytið telur hins vegar ljóst að sambærilega afmörkun, sem er í öðrum töluliðum viðaukans, vanti í 19. tölulið viðauka IV. Í viðauka I er tilgreind starfsemi sem felur í sér endurnýtingu úrgangs yfir tilteknum stærðarmörkum, sbr. liðir 5.1, 5.2 og 5.3.*

Í lið 5.3. b í viðauka I laganna er tilgreind starfsemi yfir tilteknum stærðarmörkum varðandi endurnýtingu úrgangs sem gengur frammar almennu ákvæði 19. töluliðar um endurnýtingu úrgangs. Þegar liður 5.3 b í viðauka I og 19. töluliður viðauka IV eru túlkaðir saman ber að **mati** ráðuneytisins að álykta að heilbrigðisnefndir gefi út starfsleyfi fyrir starfsemi stöðva þar sem afkastageta er undir 75 tonnum á dag.“ Þarna er ráðuneytið á villigötum. Í 19. tölulið viðauka IV er einmitt ekki að finna afmörkun á stærð eins og sums staðar annars staðar í viðaukanum, t.d. í 20. tölulið þar sem skýrt kemur fram að um er að ræða starfsemi undir tilteknum stærðarmörkum. Þá er ekki heldur vísað til annarra viðauka í 19. tölulið eins og t.d. í 46. tölulið þar sem til afmörkunar er vísað til I. viðauka. Það má vera að ráðuneytið telji af einhverjum ástæðum æskilegt að í 19. tölulið væri að finna stærðarmörk. Þau er hins vegar ekki að finna í töluliðnum og því ólöglegt að nota stærðarmörk sem forsendu fyrir niðurstöðu í úrskurðinum. Það er skýrt brot á lögætisreglu stjórnáætlunastofnana. Viðaukarnir eru skýrir og gefa ráðuneytinu ekkert svigrúm til mats. Heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi fyrir þá starfsemi sem talin er upp í viðauka IV, þ.m.t. endurnýtingu úrgangs sbr. 19. tölulið. Að auki ber



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

að líta til þess, að 19. tl. kom inn við síðustu breytingu á lögnum og fól hann í sér þá stefnubreytingu að stærðarmörk skuli ekki hafa áhrif á starfsleyfisútgáfu eða eftirlit með starfsemi. Þá er það viðurkennd lögskýringarregla að nýrri löggjöf gengur framur eldri og á það sérstaklega við hér þegar tekin er meðvituð ákvörðun um, að sleppa því að setja stærðarmörk í ákvæðið (öfugt við ýmsa aðra töluliði viðaukans). Þessi niðurstaða stenst því ekki.

Í úrskurðinum segir síðan: „Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er ljóst að afkastageta gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu bs. verði allt að 40.000 tonn á ári sem gera um það bil 110 tonn á dag. Þannig er fyrirhugað í stöðinni líffræðileg meðhöndlun úrgangs með afkastagetu yfir 75 tonnum á dag. Um er því að ræða starfsemi sem fellur undir i. lið 5.3.b í viðauka I laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og skal því Umhverfisstofnun gefa út starfsleyfi fyrir starfseminni.“ Þarna dregur ráðuneytið fram niðurstöðu, byggða á ólögumtúlkun á reglunum, andstætt lögmætisreglu stjórnsýslulaga. Ákveðið hefur verið, að stærðarmörk skipti ekki máli í 19. tl., þannig að röksemdarfærsla ráðuneytisins verður rökleysa.

Í úrskurðinum segir líka: „Í umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur bendir nefndin á að samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar aukaafurðir sem ekki séu ætlaðar til manneldis, gegni viðkomandi heilbrigðisnefnd hlutverki lögbærs yfirvalds samkvæmt g-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Að mati nefndarinnar þurfi starfsstöð samþykki eða leyfi lögbærs yfirvalds þegar starfsemi felist í umbreytingu á aukaafurðum dýra og/eða afleiddra afurða í lífgas eða moltu og að lögbært yfirvald í þessu tilviki sé viðkomandi heilbrigðisnefnd.“ Rétt er að benda á, að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur er ekki að leggja neitt mat á leyfisskyldu skv. g. lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 1069/2009. Í reglunum segir einfaldlega að það þurfi samþykki eða leyfi lögbærs yfirvalds og ekkert rúm er fyrir mat á því. Orðalag af þessu tagi er því í besta falli ónákvæmt.

Síðan segir: „Ráðuneytið bendir á í þessu samhengi á að um samþykki fyrir fyrirtækjum eða stöðvum fer samkvæmt 4. gr. sömu reglugerðar. Samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar skulu fyrirtæki eða stöðvar, sbr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sbr. 1. gr., hafa viðeigandi leyfi stjórnvalda samkvæmt lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og/eða lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Um útgáfu leyfa fer því samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.“ Þarna eru talin hvaða leyfi þarf frá hvaða viðeigandi stjórnvaldi. Ráðuneytið ákveður hins vegar, án rökstuðnings eða sjáanlegrar heimildar, að um útgáfu leyfa eigi einungis að fara skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Önnur lög sem við eiga virðast engu skipta.

Að lokum segir í úrskurðinum: „Í ljósi þessa beinir ráðuneytið því til Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur að vinna saman að því að afgreiðsla umsóknar Sorpu bs. teffist ekki enn frekar, þ. á m. að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur framsendi umsókn um starfsleyfi fyrir gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. ásamt fylgigögnum, starfsleyfistillögu og annað er varðar umsóknina í kjölfar þessa úrskurðar til Umhverfisstofnunar og að Umhverfisstofnun auglýsi drög að starfsleyfi eins fljótt og verða má.“ Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur bendir á, að einu tafinnar sem komið hafa fram í ferlinu eru vegna furðulegrar framkoma Umhverfisstofnunar, sem þvert gegn sameiginlegri niðurstöðu viðræðna milli stofnananna, ári eftir ákvörðun, án samráðs eða umræðu óskar eftir framangreindum úrskurði.



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Þá þegar hafði stofnunin haft drög að starfsleyfisskilyrðum til umsagnar í 4 vikur án þess að gera nokkrar athugasemdir. Starfsleyfið var tilbúið til auglýsingar og hefði verið komið í auglýsingu, ef þessi undarlega uppákoma hefði ekki komið til.

Niðurstaða

Með hliðsjón af því sem framan er rakið, er það mat Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, að úrskurður ráðuneytisins sé ekki í samræmi við lög og að með honum séu virtar að vettugi almennar viðurkenndar lögskýringarreglur. Í ljósi þess að mál þetta hefur nú þegar tafist að óþörfu í nokkrar vikur og þess að gas- og jarðgerðarstöð er mikilvæg viðbót við starfsemi Sorpu sem kemur til með að draga umtalsvert úr óæskilegum umhverfisáhrifum við meðhöndlun úrgangs á Höfuðborgarsvæðinu, mun heilbrigðiseftirlitið þó ekki aðhafast frekar í málinu.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur sjálfsagt og eðlilegt að gera Umhverfisstofnun reikning fyrir ársvinnu Heilbrigðiseftirlitsins við starfsleyfisgerðina, enda hefur stofnunin þegar fengið afhent öll gögn málsins, þ.m.t. þau, sem eru afrakstur vinnu Heilbrigðiseftirlitsins. Heilbrigðiseftirlitið treystir því að ráðuneytið styðji þá sjálfsögðu kröfu ef á reynir.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Rósa Magnúsdóttir
staðgengill framkvæmdastjóra

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
skrifstofustjóri